Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningssskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar veða þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Guðný Helga Guðmundsdóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 6. mars 2018

KPMG ehf.

Guðný H. Guðmundsdóttir
Bogi Hauksson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Leigutekjur	4	3.401.927	3.081.499
Aðrar tekjur		276.060	221.554
		3.677.987	3.303.053
Rekstrargjöld			
Rekstur og viðhald eignasafns:			
Rekstur fasteigna		391.821	390.090
Viðhald og framkvæmdir		800.689	713.798
Fasteigna- og brunabótaiðgjöld		414.656	372.022
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:			
Laun og launatengd gjöld	5	295.955	209.664
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		98.101	87.597
Framlag í afskriftareikning viðskiptakrafna	9	22.436	12.329
		2.023.657	1.785.499
Rekstrarhagnaður		1.654.330	1.517.554
Fjármagnsgjöld og fjármunatekjur			
Vaxtatekjur		34.577	8.084
Vaxtagjöld		(1.164.854)	(1.041.817)
		(1.130.277)	(1.033.734)
Afkoma fyrir matsbreytingar og verðbætur langtímalána		524.053	483.820
Verðbætur langtímalána		(583.218)	(648.595)
Tap fyrir matsbreytingar		(59.165)	(164.775)
Matsbreyting fjárfestingareigna	6	7.603.839	10.942.130
Heildarhagnaður ársins		7.544.673	10.777.355

Skýringar á blaðsíðum 11 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Fjárfestingareignir	6	77.265.481	65.654.198
Eignir til eigin nota	7	72.070	64.510
		<u>77.337.551</u>	<u>65.718.708</u>
Langtímakröfur	8	37.657	37.015
Fastafjármunir		<u>77.375.208</u>	<u>65.755.723</u>
Viðskiptakröfur	9	70.513	83.564
Krafa á eiganda	15	110.435	278.215
Aðrar skammtímakröfur		60.998	38.209
Handbært fé		48.572	1.598.726
Veltufjármunir		<u>290.518</u>	<u>1.998.714</u>
Eignir samtals		<u><u>77.665.726</u></u>	<u><u>67.754.437</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		3.001.000	3.001.000
Matshækkun fjárfestingareigna		44.361.906	36.758.067
Ójafnað eigið fé		(7.106.424)	(7.047.259)
Eigið fé	11	<u>40.256.482</u>	<u>32.711.808</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir	12	<u>34.197.943</u>	<u>33.881.311</u>
Skuld við lánastofnun	13	1.881.321	0
Skuldir vegna fasteignakaupa	13	234.849	223.340
Áfallnir vextir		118.226	113.444
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	605.433	581.321
Aðrar skammtímaskuldir		371.472	243.212
Skammtímaskuldir		<u>3.211.301</u>	<u>1.161.318</u>
Skuldir samtals		<u>37.409.244</u>	<u>35.042.629</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>77.665.726</u></u>	<u><u>67.754.437</u></u>
Veðsetningar	6		

Skýringar á blaðsíðum 11 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit árið 2017

	Hlutfé	Matshækkun fjárfestinga- eigna	Ójafnað eigið fé	Eigið fé samts
Árið 2016				
Eigið fé 1. janúar 2016	2.745.000	25.815.937	(6.882.484)	21.678.453
Heildarhagnaður ársins		10.942.130	(164.775)	10.777.355
Útgefið hlutfé	256.000			256.000
Eigið fé 31. desember 2016 11	<u>3.001.000</u>	<u>36.758.067</u>	<u>(7.047.259)</u>	<u>32.711.808</u>
Árið 2017				
Eigið fé 1. janúar 2017	3.001.000	36.758.067	(7.047.259)	32.711.808
Heildarhagnaður ársins		7.603.839	(59.165)	7.544.673
Eigið fé 31. desember 2017 11	<u>3.001.000</u>	<u>44.361.906</u>	<u>(7.106.424)</u>	<u>40.256.482</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Félagsbústaðir hf. (félagið) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Hallveigastíg 1, Reykjavík. Félagið er fasteignafélag með áherslu á fjárfestingar og útleigu fasteigna í Reykjavík. Félagið er dótturfélag Reykjavíkurborgar sem er með lögheimili að Tjarnargötu 11 í Reykjavík. Félagið er undanþegið álagningu tekjuskatts.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikning félagsins 6. mars 2018.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að fjárfestingaeygnir eru metnar á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringum 6 og 18a.

c. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

Skýring 6 - mat fjárfestingaeygna

Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt gangvirði kann að vera frábrugðið þessu mati.

3. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir félagsins og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir, fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda eru í skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

4. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamninga vegna fjárfestingareigna félagsins. Leigusamningar eru að jafnaði tengdir vísitölu neysluverðs og er meirihluti leigusamninga ótímabundnir með 3 til 12 mánaða uppsagnafresti. Nýtingarhlutfall fjárfestingareigna í eigu félagsins er um 97,2%.

Skýringar, frh.:

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2017	2016
Laun	204.328	164.904
Lífeyrissjóðsgjöld	26.608	21.600
Uppgjör við Brú Lífeyrissjóð	44.927	0
Önnur launatengd gjöld	20.092	23.160
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>295.955</u>	<u>209.664</u>
Starfsmannafjöldi félagsins greinist þannig:		
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í ársverk	24	23
Stöðugildi í lok ársins	25	23

Laun vegna stjórnarsetu árin 2016 og 2017 og laun framkvæmdastjóra árið 2017 námu 30,8 millj. kr. (2016: 18,2 millj. kr.)

Á árinu 2017 gjaldfærðu Félagbústaðir samtals 45 millj. kr. vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Uppgjörið er tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem samþykkt voru á Alþingi með lögum nr. 127/2016. Meðal breytinga er að ávinnsla lífeyrissréttinda í A-deildum LSR og Brúar verður aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Framlagið er fært á meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi en var að fullu greitt í febrúar 2018.

6. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir greinast þannig:	2017	2016
Kostnaðarverð 1.1.	28.896.131	27.678.539
Viðbót á árinu	4.007.444	1.276.405
Fært út vegna sölu á árinu	0	(58.813)
Kostnaðarverð fyrir matshækkun	<u>32.903.575</u>	<u>28.896.131</u>
Matshækkun 1.1.	36.758.067	25.815.937
Matsbreyting ársins	7.603.839	10.942.130
Matshækkun 31.12.2017	<u>44.361.906</u>	<u>36.758.067</u>
Bókfært verð 31.12.2017	<u>77.265.481</u>	<u>65.654.198</u>
Fjárfestingar í fjárfestingareignum greinast þannig:		
Keyptar eignir á árinu	3.377.709	753.691
Eignfærður framkvæmdakostnaður á árinu	568.607	460.447
Eignfærður fjármögnunarkostnaður á árinu	61.128	62.267
	<u>4.007.444</u>	<u>1.276.405</u>

Allar fjárfestingareignir félagsins eru íbúðarhúsnæði í Reykjavík.

Mat fjárfestingareigna

Við matið á fjárfestingareignum félagsins er stuðst við fasteignamat fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá fasteignaskrá Þjóðskrár Ísland er fasteignamat gangverð sem ætla má að eign hefði haft í kaupum og sölum. Matið er gert í maí mánuði ár hvert og miðast við verðlag í febrúar sama ár. Hið nýreiknaða mat tekur gildi í árslok. Fasteignamat tekur bæði til húss og lóðar og skiptist í húsmat og lóðarmat.

Skýringar, frh.:

6. Fjárfestingareignir, frh.:

Mat fjárfestingareigna

Fasteignamatíð er hækkað í samræmi við hækkun vísitölu íbúðarverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu frá febrúar 2017. Frá febrúar til ársloka 2017 hefur vísitalan hækkað um 7,9%. Vísitalan er vísbending um þróun á verði íbúða og hver væntanleg meðaltalsbreyting fasteignamats kemur til með að vera í nýju fasteignamati næsta árs.

Breytingar á fasteignamati fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikningi. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Veðsetningar og ábyrgðir

Á fasteignum félagsins hvíla þinglýst veð til tryggingar skuldum sem voru að eftirstöðvum 28.696 millj. kr. í árslok 2017 (2016: 26.196 millj. kr.). Til viðbótar hefur félagið undirritað tvö tryggingarbréf við viðskiptabanka sinn samtals að fjárhæð 2.077 millj. kr. sem einnig eru tryggt með veði í fasteignum félagsins.

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fjárfestingareigna sem er í gildi í árslok 2017 nam 70.832 millj. kr. (2016: 57.471 millj. kr.). Brunabótamat fjárfestingareigna nam á sama tíma 52.174 millj. kr. (2016: 50.341 millj. kr.).

7. Eignir til eigin nota

Eignir til eigin nota greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð 1.1.	103.058	23.836	126.895
Viðbót á árinu	0	14.376	14.376
Kostnaðarverð 31.12.	103.058	38.212	141.271
Afskrifað 1.1.	47.170	15.214	62.385
Afskrifað á árinu	2.841	3.976	6.817
Afskrifað 31.12.	50.011	19.191	69.201
Bókfært verð 1.1.2016	55.349	10.472	65.821
Bókfært verð 31.12.2016	55.888	8.622	64.510
Bókfært verð 31.12.2017	53.048	19.022	72.070

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteigna til eigin nota nam 217,3 millj. kr. (2016: 181,1 millj. kr.) Brunabótamat eignanna nam á sama tíma 177,3 millj. kr. (2016: 169,4 millj. kr.)

8. Langtímakröfur

Á eignaliðinn langtímakröfur er færð krafa á Búmenn hsf. en félagið hefur gert samning við þá um búseturétt á fasteignum. Búseturéttur er samkvæmt lögum skilgreindur sem eignarhlutur í íbúð, að jafnaði 10% af verðmæti íbúðarinnar. Lögskráður eigandi íbúðanna er Búmenn hsf. Við sölu á búseturétti fá Félagsbústaðir hf. endurgreitt upphaflegt framlag ásamt verðbótum.

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 140 millj. kr. í árslok (2016: 140 millj. kr.). Breyting niðurfærslunnar á árinu greinist þannig:

	2017	2016
Niðurfærsla í ársbyrjun	140.000	160.000
Tapaðar kröfur á árinu	(22.436)	(32.329)
Framlag í afskriftareikning á árinu	22.436	12.329
Niðurfærsla í árslok	140.000	140.000

Skýringar, frh.:

10. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

11. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 3.001 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.

Matsbreyting fjárfestingareigna

Matsbreyting fjárfestingareigna er sýnd sérstaklega meðal eigin fjár.

Arður

Ekki var greiddur arður til hluthafa árið 2017. Markmið félagsins er að starfa í þágu almenningsheilla og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu þessa markmiðs félagsins.

Eiginfjárstýring

Stefna félagsins er að eiginfjárstaða þess verði það sterk að stjórnendur hafi svigrúm til athafna komi til áfalla í ytra umhverfi s.s. lækkandi húsnæðisverð eða veruleg vanskil leigugreiðslna.

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

12. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	2017	2016
Verðtryggð skuldabréf:		
Íbúðalánasjóður, afborganir árin 2018 - 2067 vextir 3,3%	27.445.159	27.228.339
Lán með jöfnum afborgunum árin 2018 - 2055, vextir 3,2%	2.837.851	2.777.310
Jafngreiðslulán, afborganir árin 2018 - 2034, vextir 3,3%	2.570.338	2.639.782
Jafngreiðslulán, afborganir árin 2018 - 2022, vextir 2,0%	842.251	869.654
Jafngreiðslulán, afborganir árin 2018 - 2029, vextir 4,0%	508.276	531.459
	<u>34.203.875</u>	<u>34.046.544</u>
Óverðtryggð skuldabréf:		
Jafngreiðslulán, afborganir árin 2018 - 2040, vextir 5,6%	<u>408.154</u>	<u>416.089</u>
Stofnframlög frá ríki og sveitarfélagi		
Stofnframlög frá ríki og sveitarfélagi	<u>191.347</u>	<u>0</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	34.803.376	34.462.633
Næsta árs afborganir	<u>(605.433)</u>	<u>(581.321)</u>
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>34.197.943</u>	<u>33.881.311</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2017.

Félagsbústaðir fengu úthlutað stofnframlög frá ríki og sveitarfélagi á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Greiðslan á árinu 2017 nam samtals 191 millj. kr. og er sú fjárhæð færð á meðal langtímaskulda.

Í árslok eru langtímalán sem voru að eftirstöðum 28.696 millj.kr. (2016: 28.514 millj. kr.) tryggð með veði í fasteignum. Langtímalán sem voru að eftirstöðum 5.408 millj.kr. (2016: 5.417 millj. kr.) eru tryggð með ábyrgð Reykjavíkurborgar.

Lántökukostnaður að fjárhæð 280 millj. kr. (2016: 287 millj. kr.) er færður til lækkunar á langtímalánum félagsins.

Skýringar, frh.:

12. Langtímaskuldir, frh.:

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

	2017	2016
Árið 2017	-	581.321
Árið 2018	605.433	592.808
Árið 2019	619.395	606.523
Árið 2020	672.419	658.642
Árið 2021	743.295	728.316
Árið 2022	762.579	742.714
Síðar	31.400.255	30.552.310
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	34.803.376	34.462.633

Breyting vaxtaberandi skulda á árinu greinist þannig:

	2017	2016
Vaxtaberandi skuldir 1. janúar	34.462.633	29.428.745
Ný lántaka	341.173	4.939.393
Afborganir	(583.649)	(554.101)
Verðbætur	583.219	648.595
Vaxtaberandi skuldir 31. desember	34.803.376	34.462.633

13. Skammtímaskuldir

Félagið skuldar lánastofnun samtals 1.881 millj. kr. aðallega vegna lánshæfra framkvæmda og íbúðakaupa. Jafnframt skuldar félagið 235 millj. kr. vegna fasteignakaupa. Á árinu 2018 er stefnt að því að taka langtímalán til að greiða þessar skammtímaskuldir.

14. Stýring fjárhagslegrar áhættu

Yfirlit

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

- mótaðilaáhætta
- lausafjárahætta
- markaðsáhætta
- rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess.

Stjórn Félagsbústaða hf ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið fjármálastjóra félagsins umsjón með daglegri áhættustýringu.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er tilkomin vegna áhættu af fjárhagslegu tapi ef fjármálastofnun sem Félagsbústaðir eiga viðskipti við eða aðrir mótaðilar í samningum geta ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Samningar við fjármálastofnun

Við gerð samninga við fjármálastofnun skal stefnt að því að mótaðilinn sé með gott lánshæfismat. Jafnframt skal hugað að samningum sem takmarka mótaðilaáhættu í slíkum tilfellum, reynt skal eftir fremsta megni að kanna fjárhagslega getu mótaðilans.

Skýringar, frh.:

14. Stýring fjárhagslegrar áhættu, frh.:

Mótaðilaáhætta, frh.:

Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta er lágmarkuð með því að leigjendur greiði 1 mánaðar leigu fyrirfram.

Félagið hefur á undanförunum árum lagt áherslu á innheimtu leigutekna með töluverðum árangri en innheimtuhlutfall undanfarin 5 ár hefur að meðaltali verið yfir 97,5%. Félagið hefur undanfarin ár unnið með Motus, varðandi innheimtu leiguskulda þar sem reglulega er farið yfir innheimtuárangur og staða innheimtu á leigukröfum félagsins greind í samhengi við það sem almennt gerist hjá sambærilegum aðilum. Þá er einnig farið yfir þróun undanfarinna tímabila og rýnt í samhengi við almennt efnahagsástand. Jafnframt fylgist innheimtustjóri með innheimtuárangri í hverjum mánuði. Einnig er unnið með velferðarsviði Reykjavíkurborgar, sem úthlutar íbúðum félagsins, varðandi uppgjör á vanskilum leigjenda félagsins sem eiga í erfiðleikum með að standa í skilum sökum fjárhags- og félagslegrar stöðu.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og almenn niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Almenn niðurfærsla er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýr.	Bókfært verð 2017	2016
Langtímakröfur	8	37.657	37.015
Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur		131.511	121.773
Krafa á eiganda	15	110.435	278.215
Handbært fé		48.572	1.598.726
Samtals		328.175	2.035.729

Virðisrýrnun

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

	Nafnverð kröfu 2017	Niðurfærsla 2017	Nafnverð kröfu 2016	Niðurfærsla 2016
Gjaldfallið innan síðasta árs	112.135	52.801	127.055	(55.177)
Gjaldfallið 1 - 2 ár	44.712	33.534	46.743	(35.057)
Gjaldfallið 3 ár og eldra	53.666	53.665	49.766	(49.766)
	210.513	140.000	223.564	(140.000)

Stjórnendur meta ekki tapsáhættu í öðrum skammtímakröfum.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins. Félagið hefur undanfarin ár lagt áherslu á að jafna mánaðarlegar greiðslur skuldbindinga félagsins þ.m.t. afborganir af lánum í takt við innheimtu tekna og vinna hlaupandi greiðsluáætlun til 12 mánaða í þeim tilgangi að sjá fyrir og stýra greiðsluflæði félagsins og lágmarka þannig lausafjáraáhættu félagsins.

Til að draga frekar úr endurfjármögnunaráhættunni stefnir félagið á að hafa lánasafn sitt sem fjölbreytilegast, en í áhættustefnu er skuldsetning þó takmörkuð við löng skuldabréf sem hafa greiðsluferli í takt við tekjustreymi félagsins. Félagið hefur gefið út skuldabréf sem skráð eru hjá NASDAQ OMX Ísland.

Skýringar, frh.:

14. Stýring fjárhagslegrar áhættu, frh.:

Lausafjánhættu, frh.:

Félagið hefur samið um skammtímalán og voru ónýttar lánsheimildir 1.021 millj.kr. í árslok 2017 (2016: 970 millj. kr.)

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

31. desember 2017	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Meira en 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Vaxtaberandi skuldir	36.802.923	62.892.067	3.617.984	1.741.011	5.422.401	52.110.671
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	606.321	606.321	606.321	0	0	0
	<u>37.409.244</u>	<u>63.498.388</u>	<u>4.224.305</u>	<u>1.741.011</u>	<u>5.422.401</u>	<u>52.110.671</u>
31. desember 2016	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Meira en 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Vaxtaberandi skuldir	34.576.076	60.103.796	1.690.212	1.685.467	5.159.984	51.568.133
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	466.552	466.552	466.552	0	0	0
	<u>35.042.628</u>	<u>60.570.348</u>	<u>2.156.764</u>	<u>1.685.467</u>	<u>5.159.984</u>	<u>51.568.133</u>

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er áhættan á tapi vegna breytinga í gengi vaxta, verðbólgu eða vaxtaálagi. Markaðsáhættu er jafnan skipt í undirflokkar þar sem áhrif mismunandi stærða á markaði eru skilgreind frekar. Miðað við núverandi efnahagsreikning er markaðsáhætta Félagsbústaða einkum rakin til breytinga á vöxtum og verðbólgu en áhætta vegna annarra þátta er minni.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan á því að breytingar í vöxtum hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Í þeim tilfellum sem um breytilega vexti er að ræða er áhættan falin í því að vextir hækki á markaði. Í tilfelli fastra vaxta á skuldir er markaðsáhættan falin í því að vextir lækki í framtíðinni og fyrirtækið beri hærri fjármagnskostnað en ef um breytilega vexti væri að ræða.

Vaxtaberandi skuldir félagsins er bæði með breytilegum og föstum vöxtum. Vaxtaberandi fjármálagerningar með breytilegum vöxtum greinist þannig:

	Bókfært verð	
	2017	2016
Óverðtryggðar fjárskuldir með breytilega vexti	408.154	416.089
	<u>408.154</u>	<u>416.089</u>

Breyting á vöxtum á uppgjörstigi um 100 punkta hefði breytt afkomu um 4,1 millj. kr. (2016: 4,2 millj. kr.) Félagið á ekki fjáreignir með breytilegum vöxtum. Allar aðrar skuldir félagsins eru með verðtryggða fasta vexti.

Skýringar, frh.:

14. Stýring fjárhagslegrar áhættu, frh.:

Markaðsáhætta, frh.:

Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er rakin til mismunar á verðtryggðum eignum og skuldum. Misræmi þar á milli veldur því að þróun verðbólgu getur haft neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Stærstur hluti af skuldum Félagsbústaða er verðtryggður og því hefur verðbólugustig áhrif á þá greiðslubyrði í framtíðinni. Verðtryggðir leigusamningar Félagsbústaða virka sem náttúruleg vörn gegn verðtryggðum skuldum og þar með er greiðsluflæði af eignum og skuldum hvorutveggja verðtryggt.

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 34.204 millj. kr. (2016: 34.047 millj. kr.) eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysliverðs. Aukning verðbólgu um eitt prósentustig hefði lækkað afkomu félagsins um 342 millj. kr. (2016: 340 millj. kr.). Lækkun verðbólgu um eitt prósentustig hefði aukið afkomu um sömu fjárhæð. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur haldist óbreyttar.

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði:

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda greinast þannig:

	Bókfært verð 2017	Gangvirði 2017
Langtímakröfur	37.657	37.657
Skammttímakröfur	131.511	131.511
Handbært fé	48.572	48.572
Vaxtaberandi skuldir	36.802.923	36.802.923
Aðrar skammtímaskuldir	606.321	606.321
	<u>37.626.984</u>	<u>37.626.984</u>

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan á neikvæðum áhrifum á afkomu fyrirtækisins vegna ófullnægjandi upplýsingakerfa, stjórnunarlegra mistaka, ófullnægjandi eftirlits, lagalegrar áhættu, svika og mannlegra mistaka. Ímyndaráhætta er skilgreind sem hættan á neikvæðum áhrifum á afkomu fyrirtækisins vegna neikvæðrar ímyndar í augum viðskiptavina, mótaðila, hluthafa eða eftirlitsaðila. Eftirlit með rekstraráhættu er í höndum fjármáladeildar.

Fylgst er grannt með öllum rekstraráhættum í fyrirtækinu og þær mældar með reglubundnum hætti. Langtímamarkmið er að halda tapi vegna rekstraráhættu í lágmarki. Öll svið bera megin ábyrgð á stýringu rekstraráhættu eigin sviðs. Fjármáladeild ber ábyrgð á að þróa stefnu í rekstraráhættumálum og mæla rekstraráhættu í samráði við hvert svið, auk þess að bera ábyrgð á skýrslugjöf til framkvæmdastjóra og stjórnar.

Það er stefna félagsins að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír þess, jafnframt því að starfsreglur takmarki ekki frumkvæði og sköpunargáfu starfsmanna.

Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, haft eftirlit með viðskiptum og fylgni við lög, unnið reglulegt mat á áhættu, starfsmenn þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og keyptar tryggingar þegar við á.

15. Tengdir aðilar

Skilgreining á tengdum aðila

Eigandi og systurfélög félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra, og félög sem þeir ráða yfir teljast til tengdra aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Tekjur frá eiganda námu 372 millj. kr. á árinu 2017 (2016: 280,5 millj. kr.) en kaup á vörum og þjónustu frá eiganda og systurfélögum námu 531 millj. kr. á sama tímabili (2016: 410 millj. kr.).

Skammtímakrafa á eiganda nam í árslok 110 millj. kr. (2016: 278 millj. kr.)

Upplýsingar um laun stjórnar og framkvæmdastjóra koma fram í skýringu nr. 5.

Félagsbústaðir gerðu samning við Reykjavík um kaup á 88 fasteignum samtals að fjárhæð 1.703 millj. kr. Afhending eignanna fór fram í apríl 2017 og hefur verið gerður samningur við Reykjavíkurborg um leigu eignanna frá sama tíma. Við ákvörðun kaupverðs var miðað við gildandi fasteignamat að frádregnum áætlðu viðhaldi eigna að fjárhæð 268 millj. kr. sem skal sinna á næstu 5 árum. Ef viðhaldskostnaður verður lægri þá hafa Félagsbústaðir skuldbundið sig til þess að greiða Reykjavíkurborg mismuninn.

Önnur viðskipti við tengda aðila er óverulegur þáttur í starfsemi félagsins. Verðlagning í slíkum viðskiptum er sambærileg og í öðrum viðskiptum hennar.

16. Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda félagsins á árinu 2017 nam 7,8 millj.kr. (2016: 6,2 millj.kr.) þar af 4,7 millj. kr. (2016: 2,8 millj. kr.) vegna endurskoðunar og könnunar.

17. Önnur mál

Í júlí 2017 undirritaði félagið samkomulag við Bjarg íbúðafélag hses um samstarf um byggingu íbúða fyrir Félagsbústaði. Áætlaður heildarkostnaður félagsins verður um 1.650 millj kr. og mun falla til á árunum 2018 til 2019.

18. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningum félagsins. Til að auka upplýsingagildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

Skýringar, frh.:

a. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem eru í eigu félagsins til að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangverði í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Í upphafi eru fjárfestingareignir bókaðar á kostnaðarverði, sem er sett saman af kaupverði og öllum beinum útgjöldum sem stafa af undirbúningi fasteignarinnar til fyrirhugaðra nota, þ.á.m. kostnaður sem tilkominn er vegna kaupa á fasteigninni. Kostnaður, sem fellur til í kjölfar kaupa á fjárfestingareign, sem bætir við, endurnýjar, eða þjónustar fasteign er aðeins eignfærður ef hann uppfyllir almennar kröfur um heimild til eignfærslu samkvæmt reikningsskilareglum. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Samkvæmt þessu er kostnaður sem fellur til vegna viðgerða og viðhalds fasteigna ekki innifalinn í bókfærðu virði fjárfestingareigna heldur er hann gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað. Hinsvegar, er kostnaður sem fellur til við verulegar endurbætur á því sem fyrir er í fasteigninni, eignfærður á fjárfestingareignina á þeim tíma sem kostnaðurinn fellur til, að því gefnu að hann uppfylli kröfur um heimild til eignfærslu samkvæmt reikningsskilareglum.

Söluhagnaður (-tap) fjárfestingareigna er mismunur á bókfærðu verði og söluverði að teknu tilliti til söluhagnaðar og er mismunurinn færður í rekstrarreikning undir liðnum söluhagnaður (-tap) af fjárfestingareignum.

Eftir að kaup fjárfestingareigna hafa verið bókfærð, þá styðst félagið við fasteignamat fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands við mat eigna. Upplýsingar um matið er að finna í skýringu 6.

Ef fjárfestingareign er nýtt af eiganda er hún flokkuð sem rekstrarfjármunur og gangvirði hennar á endurflokkunardegi verður kostnaðarverð hennar í reikningsskilunum.

b. Eignir til eigin nota

Eignir til eigin nota eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Hagnaður og tap af sölu eigna til eigin nota er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði.

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð eða endurmetið kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign	50 ár
Áhöld og tæki	4,5 - 6 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

c. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga félagsins teljast viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, hlutafé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

(i) Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanalegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af handbæru fé, tryggingarfé húsaleigu, búseturétti, viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

Skýringar, frh.:

18. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar

(ii) Fjárskuldir

Upphaflega eru fjárskuldir skráðar á gangvirði að viðbættum beinum viðskiptakostnaði. Í kjölfar upphaflegrar skráningar eru þessar fjárskuldir skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæðin er sýnd í efnahagsreikningi þegar félagið hefur lagalegan rétt til að jafna saman fjárhæðum og fyrirætlanir félagsins eru annað hvort að gera samningana upp nettó eða á sama tíma.

(iii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður vegna útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Kaup á eigin hlutum

Þegar félagið kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

d. Virðisrýrnun

Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið og hægt er að meta virði eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna geta t.d. verið vanskil eða vanræksla skuldunautar, skuldbreyting á kröfum félagsins á skilmálum sem félagið undir öðrum kringumstæðum tæki ekki til greina, vísbendingar um yfirvofandi gjaldþrot skuldunautar eða útgefanda, óhagstæðar breytingar á greiðslugetu lántakenda eða útgefenda félagsins og efnahagslegar aðstæður sem leiða til vanskila.

Félagið metur hættu á virðisrýrnun krafna bæði á grundvelli einstakra krafna og á grundvelli flokkunar krafna með tilliti til áhættueinkenna. Hætta á virðisrýrnun allra verulegra krafna er metin sérstaklega. Þær kröfur sem ekki hafa orðið fyrir virðisrýrnun eru metnar sem heild og mat lagt á hvort einhver virðisrýrnun hafi orðið. Öll virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning og niðurfærsla er færð vegna lána og krafna. Vextir á virðisrýrðum eignum eru áfram færðir í reikninginn. Ef atburður sem átt hefur stað eftir að virðisrýrnun var færð (t.d. endurgreiðsla skuldunautar) verður til þess að virðisrýrnun lækki, þá er lækkunin á virðisrýrnun færð í rekstrarreikning.

e. Tekjur

Leigutekjur af fjárfestingaeignum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutíma viðkomandi eignar. Aðrar tekjur eru færðar þegar þær falla til.

f. Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna

Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna er gjaldfærður þegar hann fellur til og innifelur meðal annars fasteignagjöld, váttryggingar og viðhald.

g. Matsbreyting fjárfestingareigna

Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikningi.

h. Söluhagnaður (-tap) fjárfestingareigna

Söluhagnaður (-tap) fjárfestingareigna er mismunur á bókfærðu verði og söluverði að teknu tilliti til sölukostnaðar og er mismunurinn færður í rekstrarreikning undir liðnum innlestur hagnaður / tap af fjárfestingaeignum.

Skýringar, frh.:

18. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

i. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum þ.m.t. af bankainnstæðum og kröfum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lántöku og öðrum fjármagnskostnaði. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

j. Starfsþáttayfirlit

Upplýsingagjöf til stjórnenda félagsins inniheldur ekki starfsþáttayfirlit. Félagið skilgreinir reksturinn sinn sem einn starfsþátt.

k. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og endurbætur á stöðlum taka gildi fyrir reikningsár sem hefjast eftir 1. janúar 2018 en heimilt er að beita þeim fyrr. Stjórnendur Félagsbústaða hafa ekki nýtt sér heimild til að innleiða nýja eða breytta reikningsskilastaðla við gerð þessa ársreiknings. Félaginu ber að innleiða reikningsskilastaðla IFRS 15 *Tekjur af samningum við viðskiptavini* og IFRS 9 *Fjármálagerningar* fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar.

Reikningsskilastaðallinn IFRS 15 inniheldur nýja viðmiðun við skráningu tekna og kemur í stað reglna um tekjuskráningu sem áður var að finna í IAS 11 og IAS 18. Reikningsskilastaðallinn IFRS 9 inniheldur nýja viðmiðun vegna flokkunar og mats fjáreigna, en flokkarnir verða þrír: fjáreignir á kostnaðarverði, fjáreignir á gangvirði gegnum aðra heildarafkomu og fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur. Staðallinn gerir nýjar kröfur um flokkun og mat á fjármálagerningum og inniheldur nýjar reglur um virðisrýrnun þeirra og auknar kröfur um upplýsingagjöf. Staðallinn kemur í stað reglna sem áður var að finna í IAS 39. Gert er ráð fyrir að upptaka þessara nýju staðla muni hafa óverulegar breytingar í för með sér fyrir félagið.

Félagið ber að innleiða reikningsskilastaðal IFRS 16 *Leigusamningar* fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Reikningsskilastaðallinn breytir skráningu leigusamninga verulega og kemur í stað reglna um leigusamninga sem áður var að finna í IAS 17. Samkvæmt staðlinum skal færa til skuldar í efnahagsreikningi núvirði leigugreiðslna vegna rekstrarleigusamninga og til eignar samsvarandi nýtingarrétt. Stjórnendur telja að innleiðing á þessum staðli muni hafa óveruleg áhrif á efnahagsreikning félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og starfshættir stjórnar

Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnendur félagsins taka mið af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands hf. í maí 2015. Félagið fylgir einnig ákvæðum er varða stjórnarhætti fyrirtækja í lögum um hlutafélag nr. 2/1995, um ársreikninga nr. 3/2016, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Félagið er með skráð skuldabréf í Kauphöll Íslands og fylgir þeim reglum sem gilda um skráð félög. Samþykktir félagsins kveða einnig á um fyrirkomulag ýmissa þátta í starfseminni og eru aðgengilegar á vefsíðu þess ásamt þeim lögum sem gilda um félagið.

Stjórnarhættir félagsins samræmast í meginatriðum ákvæðum Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Frávik félagsins skýrast af umfangi þess og eignarhaldi, en Reykjavíkurborg er eini eigandi félagsins og tilnefnir stjórn. Hjá félaginu hafa því ekki verið skipaðar tilnefninganefnd og starfskjaranefnd. Þá birtir félagið ekki tiltekna upplýsingar á heimasíðu í tengslum við hluthafafundi. Upplýsingarnar eru aðgengilegar hluthafa félagsins í samræmi við lög og samþykktir.

Stjórn félagsins er skipuð þremur stjórnarmönnum en ekki er skipuð varastjórn. Stjórn er kjörin á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Tilnefningar til stjórnarsetu koma frá eiganda félagsins, Reykjavíkurborg. Stjórnin kys sér formann og varaformann og skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Stjórn ber meginábyrgð á starfsemi félagsins og fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Meginhlutverk stjórnar er að annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins, að hafa yfirumsjón með starfseminni og eftirlit með stjórnendum. Stjórn sér um ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra og metur frammistöðu hans reglulega. Þá tekur stjórn óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér til þess að það starfi í samræmi við gildandi lög og reglur,

Stjórn hefur sett sér starfsreglur sem eru aðgengilegar á www.felagsbustadir.is. Þar er að finna lýsingu á valdsviði stjórnar, verksviði stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra, reglur um skiptingu starfa innan stjórnarinnar, fundarsköp, hæfi stjórnarmanna, þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og fleiri þætti er varða framkvæmd starfa stjórnarinnar. Stjórn hélt 9 fundi á árinu 2017 sem allir voru fullskipaðir. Stjórn félagsins skipa eftirtaldir:

* Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður, tók sæti í stjórn félagsins þann 25. mars 2015. Hann er lögmaður og starfar hjá LBM lögmenntum. Hann hefur áður fengist við rekstur, stjórnun og kennslu. Hann er jafnframt stjórnarmaður í Landsvirkjun.

* Guðrún Ögmundsdóttir, tók sæti í stjórn félagsins þann 22. mars 2012. Hún er cand.com með félagsráðgjöf og samskiptafræði. Hún starfar sem tengiliður vistheimila hjá dómsmálaráðuneyti. Hún hefur starfað víða og m.a. fengist við stjórnarmál um árabíl, bæði sem þingmaður og borgarfulltrúi. Hún er jafnframt formaður Unicef.

* Kjartan Magnússon, tók sæti í stjórn félagsins þann 13. maí 2016. Hann er menntaður sagnfræðingur. Hann starfar sem borgarfulltrúi í Reykjavík og hefur gert um árabíl. Hann er jafnframt stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur ohf. Sem borgarfulltrúi í Reykjavík telst hann vera háður stórum hluthafa félagsins.

Stjórnarmenn eru óháðir félaginu og hluthafa þess að einum undanskildum sem telst vera háður. Stjórnarmenn eiga ekki beina eða óbeina eignarhluti í félaginu. Stjórnarmenn hafa ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa. Þá gegna stjórnarmenn ekki öðrum störfum fyrir félagið en stjórnarstörfum.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er endurskoðunarnefnd stjórnar félagsins. Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þremur skipuðum af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum skipuðum af borgarstjórn samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndina skipa Ólafur B. Kristinsson, löggiltur endurskoðandi, formaður, Inga Björg Hjaltadóttir, héraðsdómslögmaður, Ingvar Garðarsson, löggiltur endurskoðandi, og Sunna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur. Endurskoðunarnefnd heldur að jafnaði 3-4 fundi á ári er varða málefni Félagsbústaða hf. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem er að finna á www.reykjavik.is.

Framkvæmdastjóri félagsins er Auðun Freyr Ingvarsson. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra þann 1. desember 2013. Hann er verkfræðingur með meistaraáráði í aðgerðargreiningu og viðskiptum. Hann var áður framkvæmdastjóri Norvik Timber og starfaði auk þess sem sjálfstæður ráðgjafi. Hann sat í stjórn Félagsbústaða hf. árin 2011- 2013 og var stjórnarformaður árin 2012-2013. Auðun situr situr í stjórnnum NBO, Gnaris ehf., Green in Blue ehf. og Fortius Capital Trust ehf.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins. Hann situr fundi stjórnar og ber að framfylgja þeim ákvörðunum sem teknar eru af stjórn. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í öllum málum er varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti. Honum ber að tryggja að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og starfsemi félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar hjá félaginu. Markmið stjórnar með innra eftirlit og áhættustýringu er að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum varðandi tilgang og skyldur félagsins, afkomu, áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og hlítu við lög og reglur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að stefnu stjórnar um innra eftirlit og áhættustýringu sé fylgt í starfsemi. Hann skal sjá til þess að helstu áhættur séu auðkenndar, greindar, metnar og þeim stýrt með fullnægjandi hætti. Framkvæmdastjóri skipar áhættunefnd sem hefur eftirlit með því að viðhlítandi aðferðir séu notaðar við áhættustýringu og að áhættustefnu stjórnar sé fylgt. Framkvæmdastjóri leggur áhættuskýrslu reglulega fyrir stjórn. Stjórn fylgist einnig með virkni innra eftirlits og áhættustýringar í gegnum upplýsingagjöf frá innri endurskoðanda, ytri endurskoðanda og endurskoðunarnefnd stjórnar.

Stjórn hefur falið innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að annast innri endurskoðun hjá félaginu. Hlutverk innri endurskoðunar er að veita stjórn óháða staðfestingu og ráðgjöf og leggja mat á og bæta virkni innra eftirlits og áhættustýringar hjá félaginu.

Félaginu ber, sem útgefanda skuldabréfa sem skráð eru í kauphöll, að starfrækja regluvörslu. Hlutverk regluvarðar er að hafa umsjón með að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé framfylgt. Regluvörður hefur einnig með höndum samskipti félagsins við Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands hf. Regluvörður félagsins er Kristín Guðmundsdóttir, fjármálastjóri félagsins.

Stjórn á samskipti við hluthafa í samræmi við ákvæði laga, samþykktu og starfsreglna stjórnar. Stjórnarmenn skulu vera sjálfstæðir í störfum sínum og standa vörð um hagsmuni félagsins í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 og starfsreglur stjórnar. Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins samkvæmt lögum og samþykktum þess. Á hluthafafundi fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins. Hluthafafundur er einnig meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf stjórnar til hluthafa. Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok júní hvert ár og taka þar fyrir mál sem lög og samþykktir félagsins kveða á um.

Tvisvar sinnum á ári eru haldnir fundir með velferðarsviði Reykjavíkurborgar í tengslum við þróun eignasafns félagsins. Þá er haldinn fundur árlega með Reykjavíkurborg þar sem rekstraráætlun félagsins til fimm ára er lögð fram og staðfest. Stjórn skal upplýsa eigendur um óvenjuleg eða veigamikil atviki í rekstri félagsins þótt þau kalli ekki á ákvörðun af hálfu eigenda. Óski borgarstjórn Reykjavíkur eða einstakir fulltrúar eftir upplýsingum frá félaginu skal beiðni um þær komið á framfæri á vettvangi borgarráðs og beint til stjórnar eða framkvæmdastjóra. Hvað varðar aðra upplýsingagjöf stjórnar til hluthafa skal fylgja lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum og reglum um birtingu fjárhagsupplýsinga.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Um Félagsbústaði

Félagsbústaðir eru þjónustufyrirtæki sem á og annast rekstur á félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík fyrir hönd Reykjavíkurborgar, en það er lögbundið hlutverk sveitarfélagsins. Markmið félagsins samkvæmt samþykktum er að starfa í þágu almenningsheilla og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu þessa markmiðs félagsins, til vaxtar eða viðhalds félagsins eða til niðurgreiðslu lána. Félagsbústaðir þjóna fjölbreyttum hópi leigutaka sem allir eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi frá Reykjavíkurborg. Íbúðir Félagsbústaða eru um 4,5% af heildarfjölda íbúða í Reykjavík.

Samfélagslegt hlutverk

Hlutverk Félagsbústaða er að stuðla að velferð í Reykjavík með því að tryggja framboð langtíma félagslegs leiguhúsnæðis og sinna þannig samfélagslegri ábyrgð Reykjavíkur í húsnæðismálum. Rekstur Félagsbústaða skal vera fjárhagslega sjálfbær en í því felst að til lengri tíma verði heildartekjur félagsins í samræmi við heildarkostnað þannig að jafnvægi náist í sjóðstreymi félagsins.

Leiðarljós

Í vinnu og rekstrarumhverfi þar sem áhersla er lögð á árangur í rekstri og þjónustu, koma óhjákvæmilega upp aðstæður þar sem hagsmunir starfsfólks og fyrirtækis fara ekki fullkomlega saman. Tilgangur leiðarljósa er að skýra gagnkvæmar skyldur Félagsbústaða og mannaúðs félagsins þegar slíkar aðstæður koma upp. Leiðarljós félagsins fjallar ennfremur um þær samskiptareglur og gildi sem skulu viðhöfð milli starfsfólks og viðskiptavina í starfsemi fyrirtækisins og þeirra jafnréttissjónarmiða sem skulu ríkja við stöðuveitingar innan fyrirtækisins. Við ákvörðun launa og fríðinda skal þess gætt í hvívetna að kynjum sé ekki mismunad. Fyrirtækið hefur enn ekki hlotið jafnlaunavottun. Leiðarljós Félagsbústaða hafa verið kynnt starfsfólki og eru birt á heimasíðu félagsins.

Starfsmannamál

Til að koma til móts við fjölskyldur starfsmanna félagsins er leitast við að bjóða upp á sveigjanleika í vinnutíma eða annarri hagræðingu, eftir því sem við verður komið. Starfsfólk er hvatt til að leggja sig fram um að viðhalda faglegri hæfni sinni og þekkingu starfseminni til hagsbóta. Starfsfólk er hvatt til að gæta að andlegri og líkamlegri heilsu sinni og samstarfsmanna sinna. Unnið er að gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar fyrir vinnustaðinn. Félagið hefur ekki sett sér formlega starfsmannastefnu umfram það sem fram kemur í leiðarljósum þess.

Umhverfismál

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu sem miðar að nýtingu vistvænna byggingarefna við framkvæmdir á vegum þess og eftirlit með orkunýtingu við framkvæmdir og í rekstri á eignum þess. Félagsbústaðir hf. leggja áherslu á að fylgja samgöngustefnu Reykjavíkurborgar. Að því marki eru í boði samgöngusamningar fyrir starfsmenn og markmið félagsins er að ökutæki í eigu þess séu vistvæn. Félagið hefur fest kaup á rafbíl og hyggst skipta bensínknúnum farartækjum sem nýtt eru í rekstri út fyrir rafbíla á næstu misserum. Félagið setti sér árið 2015 markmið um losun gróðurhúslofttegunda og úrgangs í tengslum við starfsemi sína. Félagið skuldbatt sig jafnframt til að mæla losun gróðurhúslofttegunda og úrgangs og bera reglulega saman við markmið.

Kröfur á verktaka

Í útboðum á vegum Félagsbústaða útilokar félagið að gera samninga við verktaka sem sakfelldir hafa verið fyrir spillingu, sviksemi, peningþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum.

Orkuveita Reykjavíkur
Samstæða
Ársreikningur 2017

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	8
Yfirlit um heildarafkomu	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjáryfirlit	11
Sjóðstreymisyfirlit	12
Skýringar	13
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (óendurskoðuð)	54

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustuvæði sínu.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga félaga með skráð skuldabréf. Hann hefur að geyma ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga þess.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á árinu 2017 nam 16.339 milljónum kr. (2016: 13.352 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á árinu 2017 nam 23.146 milljónum kr. (2016: 6.705 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 311.258 milljónum kr. í árslok (31.12.2016: 300.450 milljónir kr.). Eigið fé nam 143.871 milljónum kr. í árslok (31.12.2016: 121.476 milljónir kr.) og er eiginfjárlutfall samstæðunnar 46,2% (31.12.2016 40,4%).

Í upphafi ársins sem og í árslok voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:

Eignarhluti

Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Á árinu 2017 var greiddur arður að fjárhæð 750 milljónir kr. til eigenda

Stjórnarhættir

Stjórn OR leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og efla þá. Stjórnarháttum Orkuveitu Reykjavíkur er skipað með lögum nr. 136/2013, sameignarsamningi eigenda, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar. Starfsreglurnar taka einnig mið af siðareglum OR, Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland ehf. og Samtökum atvinnulífsins og handbók stjórnarmanna, útgefni af KPMG. Um dótturfélög gilda samþykktir hvers félags og starfsreglur stjórna þeirra. Þessi skjöl eru aðgengileg á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur skipað starfskjaranefnd og hefur tilnefnt fulltrúa í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Um meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) gilda lög nr. 136/2013. Stjórnarhættir OR eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Sameignarsamning og eigendastefnu má sjá á vef OR, www.or.is. Þá hefur stjórn OR auk stjórna dótturfélaga í samstæðunni sett sér ítarlegar starfsreglur auk siðareglna sem einnig er að finna á vef OR.

Stjórn

Stjórn OR er samkvæmt lögum um fyrirtækið skipuð sex fulltrúum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarbyggð hefur áheyrnarfulltrúa í stjórn. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Stjórn ber ábyrgð á fjármálum og rekstri OR. Tvær nefndir starfa á vegum stjórnar OR; Endurskoðunarnefnd og Starfskjaranefnd.

Samhliða ársreikningi gefur OR út ársskýrslu 2017 þar sem m.a. er gerð nánari grein fyrir stjórnarháttum OR. Skýrsluna er að finna á slóðinni www.arsskyrsla2017.or.is.

Í skýringum 24 til og með 28 með ársreikningi er að finna upplýsingar um áhættustýringu Orkuveitu Reykjavíkur.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samhliða ársreikningi þessum gefur Orkuveita Reykjavíkur út ársskýrslu 2017. Skýrslan er samþætt og unnin í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq OMX Nordic. Í henni er gerð grein fyrir stjórnarháttum, umhverfismálum, starfsmannamálum og félagsmálum eins og krafa er gerð um í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir viðskiptalíkani OR samstæðunnar, helstu viðskiptaferlum og hagsmunaaðilum að rekstrinum. Í henni er gerð grein fyrir mannréttindastefnu OR og hvernig OR spornar við svikum og mútum. Þá eru í henni ávörp stjórnarformanns og forstjóra. Í viðauka með ársreikningi á bls. 54 er gerð nánari grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum.

Skýrslan er árituð af óháðum sérfræðingum á sviði fjármála, umhverfismála, félagsmála og stjórnháttá auk stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóra.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga félaga með skráð skuldabréf. Að álitum stjórnar og forstjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2017 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017.

Reykjavík, 8. mars 2018.

Í stjórn fyrirtækisins:

Brynhildur Davíðsdóttir
Gylfi Magnússon
Sigríður Rut Júlíusdóttir
Áslaug Friðriksdóttir
Rakel Óskarsdóttir

Forstjóri:

Bjarni Bjarnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Orkuveitu Reykjavíkur („samstæðan“) fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2017 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga félaga með skráð skuldabréf.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Mat framleiðslukerfa (rafmagns)

Vísað er til skýringar 10 og 36d „Varanlegir rekstrarfjármunir“.

Í árslok 2017 nam bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna 277.997 milljónum kr. Þar af nam bókfært verð framleiðslukerfa rafmagns og heits vatns sem færð eru á gangvirði 101.169 milljónum kr. Gangvirði er metið með því að núvirða framtíðarsjóðflæði þeirra eininga samstæðunnar sem eignirnar tilheyra. Reglulega er bókfært verð þeirra borið saman við gangvirði eða endurheimtanlegt virði sem reiknað er með því að framkvæma virðisrýrnunarpróf. Þegar virðisrýrnunarpróf sýna að gangvirði framleiðslukerfa er verulega undir eða yfir bókfærðu verði þá eru eignirnar færðar í gangvirði að teknu tilliti til varfærnisjónarmiða vegna næmni í breytingu á forsendum, þó aldrei umfram afskrifað endurstofnsverð.

Mat framleiðslukerfa er lykilþáttur í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar vegna þess hversu hátt hlutfall þessar eignir eru af heildareignum samstæðunnar eða 33%. Þá er innbyggð óvissa í áætlunum stjórnenda meðal annars um verðlag, magnbreytingar, verðbreytingar og aðrar forsendur stjórnenda sem notaðar eru við núvirðingu áætlaðs framtíðarsjóðstreymis framleiðslunnar og vegna þess hversu næm virðisrýrnunarprófin eru fyrir breytingum á forsendum.

Að vinnunni komu verðmatssérfræðingar KPMG sem yfirfóru þau reiknilíkön og forsendur sem stjórnendur byggðu á við útreikninga sína á gangvirði framleiðslukerfa.

Við lögðum mat á forsendur stjórnenda með því að bera þær saman við bæði innri upplýsingar frá samstæðunni og ytri markaðsgögn.

Við máttum hvort hönnun og innleiðing þeirra virðisrýrnunarprófa sem stuðst var við af stjórnendum, væri viðeigandi.

Við lögðum mat á hvort ávöxtunarkrafa og val á áhættulausum vöxtum væru viðeigandi.

Við lögðum mat á hvort almennar forsendur, svo sem mannfjöldaspá, verðlagsforsendur og framtíðarvöxtur, væru viðeigandi.

Gerður var samanburður á virðisrýrnunarprófi stjórnenda félagsins samanborið við útreikninga KPMG. Farið var yfir fyrirbyggjandi næmnigreiningu fyrir hverja einingu fyrir sig þar sem áhrifa breytinga í EBITDA, framtíðarvexti og/eða ávöxtunarkröfu á niðurstöðu virðisrýrnunarprófsins koma fram.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Lykilþáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Tímasetning í skráningu tekna af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni

<p>Vísað er til skýringar 36k i) "Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni" og skýringu 3 "Starfsþáttayfirlit".</p> <p>Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru reikningsfærðar og færðar í rekstrarreikning samkvæmt áætluðu magni. Á seinni tímabilum er sala leiðrétt fyrir mun á mældu afhentu magni og áætlunum. Í lok hvers uppgjörstímabils eru tekjur leiðréttar fyrir mismun á mældri afhendingu til kaupenda og áætlaðri sölu.</p> <p>Ferlið við að greina mun á milli áætlaðrar afhendingar og mældrar afhendingar á magni er flókið og þess vegna er til staðar há eðlislæg hættu á skekkju í tímasetningu í skráningu teknanna. Tímasetning í skráningu tekna af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni er þess vegna einn af lykilþáttum í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar.</p>	<p>Við lögðum mat á eftirlitsþætti í tekjakerfum og nutum aðstoðar tölvusérfræðinga okkar þar sem við prófuðum viðeigandi tölvueftirlitsumhverfi, m.a. aðgangsstýringar og breytingastjórnun. Við prófuðum einnig handvirka eftirlitsþætti í tekjuferlinu. Tilgangurinn með prófun okkar var að meta hvort hönnun eftirlitsþátta væri til þess fallin að tryggja rétta tímasetningu í skráningu tekna og hvort virkni eftirlitsþátta væri í samræmi við hönnun þeirra. Við skoðuðum líka eftirfylgni stjórnenda með eftirlitsþáttunum.</p> <p>Við framkvæmdum greiningar á tekjum þar sem við notuðum ytri og innri upplýsingar til að búa til væntingar um tekjur og bárum skráðar tekjur saman við væntingar.</p> <p>Við beittum gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við beindum sjónum okkar sérstaklega að afstemmingu á milli tekjakerfis og fjárhagsbókhalds.</p>
---	--

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekkert að upplýsa hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga félaga með skráð skuldabréf og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kristrún Helga Ingólfssdóttir og Guðný Helga Guðmundsdóttir, endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun samstæðuársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 8. mars 2018.

KPMG ehf.

Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Guðný Helga Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur		43.999.642	41.420.682
Söluhagnaður		2.219	2.544
Rekstrartekjur samtals	3	<u>44.001.861</u>	<u>41.423.226</u>
Orkukaup og orkuflutningur		(5.948.661)	(6.204.799)
Laun og launatengd gjöld	5	(5.495.651)	(5.240.591)
Launatengd gjöld - viðbótarframlag í lífeyrissjóð	5	(1.104.250)	0
Annar rekstrarkostnaður		(4.736.515)	(4.617.027)
		<u>(17.285.077)</u>	<u>(16.062.417)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		<u>26.716.785</u>	<u>25.360.809</u>
Afskriftir og virðisryrnun	7	(9.062.842)	(10.392.479)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		<u>17.653.943</u>	<u>14.968.330</u>
Vaxtatekjur		651.108	433.252
Vaxtagjöld		(5.170.497)	(5.189.598)
Aðrar tekjur (önnur gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		8.599.823	7.844.913
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	8	<u>4.080.434</u>	<u>3.088.567</u>
Áhrif hlutdeildarféлага	12	1.926	(3.413)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		21.736.303	18.053.484
Tekjuskattur	9	(5.396.998)	(4.701.673)
Hagnaður ársins		<u><u>16.339.305</u></u>	<u><u>13.351.811</u></u>

Skýringar á bls. 13-53 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu 2017

	Skýr.	2017	2016
Hagnaður ársins		<u>16.339.305</u>	<u>13.351.811</u>
Önnur heildarafkoma			
Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning			
Endurmat, hækkun	10	11.586.336	0
Tekjuskattur af endurmati	9	(1.527.875)	0
		<u>10.058.461</u>	<u>0</u>
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning			
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu	13	321.973	377.160
Þýðingarmunur	20	(3.574.183)	(7.024.272)
		<u>(3.252.210)</u>	<u>(6.647.112)</u>
Önnur heildarafkoma eftir skatta		<u>6.806.251</u>	<u>(6.647.112)</u>
Heildarafkoma		<u><u>23.145.556</u></u>	<u><u>6.704.699</u></u>

Skýringar á bls. 13-53 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	277.996.688	264.822.746
Óefnislegar eignir	11	1.607.504	1.503.771
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	12	61.263	59.337
Eignarhlutar í öðrum félögum	13	3.607.047	3.285.074
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	14	1.877.811	0
Áhættuvarnarsamningar	15	738.800	365.333
Aðrar fjáreignir	15	0	4.091.936
Tekjuskattseign	16	1.265.410	3.714.879
Fastafjármunir samtals		<u>287.154.523</u>	<u>277.843.077</u>
Birgðir	17	936.045	582.934
Viðskiptakröfur	18	5.847.289	4.596.627
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	14	346.301	0
Áhættuvarnarsamningar	15	36.081	393.183
Aðrar fjáreignir	15	4.090.265	0
Aðrar skammtímakröfur	18	305.860	332.229
Fyrirframgreiddur kostnaður		162.174	213.209
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	19	6.124.722	4.132.427
Handbært fé	19	6.254.983	12.356.669
Veltufjármunir samtals		<u>24.103.719</u>	<u>22.607.277</u>
Eignir samtals		<u><u>311.258.242</u></u>	<u><u>300.450.354</u></u>
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		80.349.640	72.918.471
Bundinn hlutdeildarreikningur		16.805.347	7.000.139
Bundið eigið fé vegna þróunar		0	59.759
Gangvirðisreikningur		3.144.133	2.822.160
Þýðingarmunur		(5.359.795)	(1.785.611)
Óráðstafað eigið fé		48.932.114	40.460.965
Eigið fé samtals	20	<u>143.871.439</u>	<u>121.475.883</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	21	129.811.656	129.316.964
Lífeyrisskuldbinding	22	608.261	591.905
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	14	0	8.913.368
Áhættuvarnarsamningar	15	737.006	2.713.071
Tekjuskattsskuldbinding	16	11.080.041	8.345.332
Langtímaskuldir samtals		<u>142.236.964</u>	<u>149.880.640</u>
Viðskiptaskuldir		2.230.378	2.317.493
Vaxtaberandi skuldir	21	14.667.114	18.322.481
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	14	0	1.405.741
Áhættuvarnarsamningar	15	2.898.249	2.311.883
Tekjuskattur til greiðslu	9	1.453.685	1.737.164
Aðrar skammtímaskuldir	23	3.900.413	2.999.068
Skammtímaskuldir samtals		<u>25.149.838</u>	<u>29.093.830</u>
Skuldir samtals		<u>167.386.803</u>	<u>178.974.471</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>311.258.242</u></u>	<u><u>300.450.354</u></u>

Skýringar á bls. 13-53 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit 2017

	Endurmats- reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Árið 2017							
Eigið fé 1. janúar 2017	72.918.471	7.000.139	59.759	2.822.160	(1.785.611)	40.460.965	121.475.883
Endurmat, hækkun	11.586.336						11.586.336
Tekjuskattsáhrif af endurmati	(1.527.875)						(1.527.875)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu				321.973			321.973
Þýðingarmunur					(3.574.183)		(3.574.183)
Hagnaður ársins						16.339.305	16.339.305
Heildarafkoma	10.058.461	0	0	321.973	(3.574.183)	16.339.305	23.145.556
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.627.292)					2.627.292	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélagum umfram móttækinn arð		9.805.207				(9.805.207)	0
Bundið eigið fé vegna þróunar bakfært			(59.759)			59.759	0
Greiddur arður						(750.000)	(750.000)
Eigið fé 31. desember 2017	80.349.640	16.805.347	0	3.144.133	(5.359.795)	48.932.114	143.871.439
Árið 2016							
Eigið fé 1. janúar 2016	75.808.678	0	0	2.445.000	5.238.661	31.278.845	114.771.184
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu				377.160			377.160
Þýðingarmunur					(7.024.272)		(7.024.272)
Hagnaður ársins						13.351.811	13.351.811
Heildarafkoma	0	0	0	377.160	(7.024.272)	13.351.811	6.704.699
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.890.207)					2.890.207	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélagum umfram móttækinn arð		7.000.139				(7.000.139)	0
Fært á bundið eigið fé vegna þróunar			59.759			(59.759)	0
Eigið fé 31. desember 2016	72.918.471	7.000.139	59.759	2.822.160	(1.785.611)	40.460.965	121.475.883

Skýringar á bls. 13-53 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		16.339.305	13.351.811
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	8	(4.080.434)	(3.088.567)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	12	(1.926)	3.413
Tekjuskattur	9	5.396.998	4.701.673
Afskriftir og virðisrymun	7	9.062.842	10.392.479
Söluhagnaður eigna		(2.219)	(2.573)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun		16.356	49.244
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		26.730.922	25.407.480
Birgðir, (hækkun) lækkun		(356.646)	27.072
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(1.010.949)	11.651
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		1.544.967	(465.284)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		26.908.294	24.980.920
Innborgaðar vaxtatekjur		572.152	460.966
Greidd vaxtagjöld		(4.185.883)	(4.145.818)
Mótttekinn arður	8	1.763	28.968
Greiðslur v. annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(881.420)	(1.116)
Greiddir skattar		(1.819.693)	0
Handbært fé frá rekstri		20.595.213	21.323.919
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum að frádregnu yfirteknu handbæru fé	10	(19.129.499)	(12.200.177)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	11	(209.816)	(207.833)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		12.332	20.394
Breyting á bundnum innlánnum		(1.000.000)	(2.445.619)
Breyting á markaðsverðbréfum		(547.287)	375.016
Aðrar fjáreignir		29.204	4.008.100
Fjárfestingarhreyfingar		(20.845.065)	(10.450.119)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán	21	13.935.902	8.162.142
Afborganir langtímaskulda	21	(14.195.308)	(14.117.980)
Greiðslur vegna gjaldeyrisvarna		(1.952.609)	(1.513.082)
Greiddur arður	20	(750.000)	0
Skammtímalán, (lækkun) hækkun	21	(2.859.984)	3.958.074
Fjármögnunarhreyfingar		(5.822.000)	(3.510.846)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(6.071.852)	7.362.954
Handbært fé í ársbyrjun		12.356.669	5.264.079
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(29.834)	(270.363)
Handbært fé í lok ársins	19	6.254.983	12.356.669
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		649.463	(555.151)
Skammtímaskuldir, breyting		(649.463)	555.151
Tekin ný langtímalán		3.462.271	5.816.713
Afborganir langtímaskulda		(3.462.271)	(5.816.713)
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri	33	21.560.232	20.240.375

Skýringar á bls. 13-53 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. OR er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samstæðureikningur OR geymir ársreikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum. Samstæðuársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur er hluti af samstæðuársreikningi Reykjavíkurborgar.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga félaga með skráð skuldabréf.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 8. mars 2018.

Fjallað er um reikningsskilaaðferðir samstæðunnar í skýringu 36.

b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill OR. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 35.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 10 - varanlegir rekstrarfjármunir (endurmat dreifi- og framleiðslukerfis og mat á virðisrýnun)
- skýring 13 - eignarhlutir í öðrum félögum (mat forsenda við útreikning gangvirðis eignarhluta flokkaðra til sölu)
- skýring 14 - innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum (mat forsenda við útreikning gangvirðis)
- skýring 15 - aðrar fjáreignir og aðrar fjárskuldir (mat forsenda við útreikning gangvirðis)
- skýring 16 - tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding (mat á skattalegum framtíðarhagnaði á móti yfirfæranlegu tapi)
- skýring 25 - markaðsáætla

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit

Starfspættir og miðlar

Starfssvæði félaga í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur eru einkum á höfuðborgarsvæðinu, en nær auk þess til Suður- og Vesturlands. Samstæðan skiptist í þrjá starfspætti, Orku náttúrunnar, Veitur og aðra starfsemi.

Orka náttúrunnar annast framleiðslu á rafmagni og varmaorku í orkuverum, raforkusölu til stóriðju og smásölu auk reksturs og nýframkvæmda vegna götulýsingar.

Veitur sjá um dreifingu rafmagns, varmaorkuvinnslu á lághitasvæðum og dreifingu varmaorku frá lághitasvæðum og jarðvarmavirkjunum, vatnsöflun og dreifingu á köldu vatni og fráveitustarfsemi.

Önnur starfsemi nær yfir rekstur gagnaflutningskerfis, leigu húsnæðis og búnaðar, tilfallandi sölu sérfræðipjónustu og fleira.

Samstæðan er tekjuskattsskyld, nema sá hluti starfseminnar sem lýtur að rekstri vatnsveitu og fráveitu, sem er háður lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og lögum nr. 9/2009 um rekstur fráveitna. Rekstur hitaveitu er háður orkulögum nr. 58/1967, m.a. um arðsemi. Sá hluti raforkurekstursins sem fellur undir sérleyfisrekstur samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 er háður tekjumörkum samkvæmt ákvörðun Orkustofnunar.

Miðill	Opinberar kvaðir
Hitaveita	Um sérleyfisveitur gildir að ráðherra staðfestir gjaldskrá og hún öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.
Rafveita, dreifing	Orkustofnun er send gjaldskrá til staðfestingar. Birta skal gjaldskrá opinberlega.
Rafveita, framleiðsla	Samkeppni er um orkusölu og því eru verðbreytingar á orkuhluta rafmagnsverðs ekki háðar samþykki stjórnvalda.
Vatnsveita	Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Birta skal gjaldskrá í Stjórnartíðindum.
Fráveita	Gjaldskrá skal standa undir öllum kostnaði. Birta skal gjaldskrá í Stjórnartíðindum.
Gagnaveita	Samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Póst- og Fjarskiptastofnunar.

Viðskiptavinir sem hafa veruleg áhrif á tekjur samstæðunnar

Einn viðskiptavinur Orku náttúrunnar hefur veruleg áhrif á fjárhæð heildartekna samstæðunnar á árinu 2017 vegna kaupa á rafmagni til stóriðju. Tekjur samstæðunnar frá þessum viðskiptavini, námu 5.699 milljónum kr. eða 13,0% af heildartekjum. (2016: 5.313 milljónir kr. eða 12,8% af heildartekjum).

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf OR. Starfspáttir sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veiturstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orka náttúrunnar* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins og *Gagnaveitu Reykjavíkur*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar og fleira. Gagnaveita Reykjavíkur sér um rekstur gagnaflutningskerfis.

Við gerð starfspáttayfirlits er notast við sömu reikningssskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 36.

Rekstrarstarfspáttir - svið

Árið 2017

	Veitur	Orka náttúrunnar	Önnur starfsemi	Jöfnunar-færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	27.539.612	13.749.632	2.712.618	0	44.001.861
Tekjur innan samstæðu	3.436.704	4.131.164	6.136.320	(13.704.189)	0
Tekjur starfspáttá	30.976.316	17.880.796	8.848.938	(13.704.189)	44.001.861
Rekstrargjöld starfspáttá	(14.862.025)	(7.893.501)	(8.233.739)	13.704.189	(17.285.077)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA	16.114.291	9.987.295	615.199	0	26.716.785
Afskriftir	(4.887.463)	(3.028.130)	(1.147.249)	0	(9.062.842)
Afkoma starfspáttá, EBIT	11.226.828	6.959.165	(532.050)	0	17.653.943
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.798.882)	(3.988.254)	(1.675.650)	12.543.221	4.080.434
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	1.926	0	1.926
Tekjuskattur	(999.372)	(598.999)	752.518	(4.551.145)	(5.396.998)
Hagnaður (tap) ársins	7.428.573	2.371.912	(1.453.256)	7.992.075	16.339.305

Árið 2016

Tekjur frá þriðja aðila	27.027.091	12.290.176	2.105.959	0	41.423.226
Tekjur innan samstæðu	3.315.594	4.247.844	5.889.117	(13.452.555)	0
Tekjur starfspáttá	30.342.686	16.538.021	7.995.075	(13.452.555)	41.423.226
Rekstrargjöld starfspáttá	(14.099.606)	(8.327.805)	(7.087.561)	13.452.555	(16.062.418)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA	16.243.079	8.210.215	907.514	0	25.360.809
Afskriftir	(4.977.064)	(3.496.008)	(929.123)	0	(9.402.195)
Virðisrýrnun	0	0	(990.284)	0	(990.284)
Afkoma starfspáttá, EBIT	11.266.015	4.714.207	(1.011.893)	0	14.968.330
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(3.502.965)	(4.553.242)	8.271.721	2.873.054	3.088.567
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	(3.413)	0	(3.413)
Tekjuskattur	(852.904)	(70.693)	(2.743.777)	(1.034.299)	(4.701.673)
Hagnaður ársins	6.910.147	90.273	4.512.638	1.838.754	13.351.811

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfspættir - svið, frh.

	Veitur	Orka náttúrunnar	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Samtals
Efnahagur (31.12.2017)					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	151.079.915	101.169.408	27.354.869	0	279.604.192
Aðrar eignir	16.477.990	9.827.856	152.422.891	(147.074.687)	31.654.050
					<u>311.258.242</u>
Vaxtaberandi skuldir	63.237.820	55.752.375	148.520.208	(123.031.634)	144.478.770
Aðrar skuldir	10.061.653	6.873.754	30.993.447	(25.020.821)	22.908.033
					<u>167.386.803</u>
Fjárfestingar					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	6.314.920	2.627.265	9.766.211	0	18.708.396
Efnahagur (31.12.2016)					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	140.907.133	106.661.900	18.757.484	0	266.326.517
Aðrar eignir	13.820.838	7.188.531	158.044.763	(144.930.295)	34.123.836
					<u>300.450.354</u>
Vaxtaberandi skuldir	67.441.448	61.583.102	147.639.446	(129.024.550)	147.639.446
Aðrar skuldir	8.242.316	4.966.732	27.429.313	(9.303.336)	31.335.025
					<u>178.974.471</u>
Fjárfestingar					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	6.506.192	2.967.163	3.479.974	0	12.953.328

Skýringar

4. Greining á rekstri jarðvarmaorkuvera

Upplýsingar um afkomu á framleiðslu raforku og heitu vatni sbr. 5. mgr. 41. gr. laga nr. 65/2003:

	Raforka 2017	Heitt vatn 2017	Raforka 2016	Heitt vatn 2016
Jarðvarmavirkjanir				
Tekjur	8.843.657	3.499.470	9.205.438	3.600.872
Rekstrargjöld	(1.798.868)	(832.216)	(1.927.328)	(789.570)
Afskriftir	(2.562.145)	(745.373)	(2.649.013)	(829.947)
Afkoma fyrir fjármagnsgjöld	4.482.644	1.921.881	4.629.097	1.981.355
Arðsemi fjárfestingar	5,7%	8,8%	5,4%	7,0%

Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun eru blandaðar virkjanir, þar sem bæði er framleitt heitt vatn og raforka. Við skiptingu á sameiginlegum kostnaði er miðað við skiptireglu Orku náttúrunnar sem Orkustofnun hefur hafnað. Orkustofnun er skylt lögum samkvæmt að setja Orku náttúrunnar nýjar skiptireglur í kjölfar höfnunarinnar, sem stofnunin hefur ekki gert enn. Uns Orkustofnun setur Orku náttúrunnar nýjar skiptireglur þá er afkoma miðla miðuð við skiptireglur Orku náttúrunnar sem ekki hafa verið samþykktar af Orkustofnun.

5. Laun og launatengd gjöld

	2017	2016
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	5.178.623	4.802.257
Mótframlag í lífeyrissjóði	690.885	633.931
Viðbótarframlag í lífeyrissjóðinn Brú	1.104.250	0
Breyting lífeyrisskuldbindingar	42.206	76.744
Önnur launatengd gjöld	493.704	463.473
Laun og launatengd gjöld samtals	7.509.667	5.976.406
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í ársreikninginn:		
Gjaldfært í rekstrarreikningi	6.599.901	5.240.591
Eignfært á framkvæmdir	909.767	735.815
Laun og launatengd gjöld samtals	7.509.667	5.976.406
Starfsmannafjöldi:		
Fjöldi ársverka	520	503
Starfskjör stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra móðurfyrirtækis og dótturfélaga greinast þannig:		
Laun stjórnar móðurfyrirtækis	15.629	15.265
Laun forstjóra móðurfyrirtækis	28.641	27.657
Laun þriggja framkvæmdastjóra móðurfyrirtækis	64.439	56.059
Laun þriggja stjórnar dótturfélaga	25.745	24.101
Laun þriggja framkvæmdastjóra dótturfélaga	73.030	67.777
Starfslokagreiðslur, þar með talið mótframlag í lífeyrissjóð 1)	0	20.697
	207.483	211.557

1) Framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar ohf. lét af störfum á árinu 2016. Laun og launatengd gjöld vegna starfsloka voru gjaldfærð að fullu á árinu 2016.

Breyting á A deild Brúar lífeyrissjóðs

Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt en sú lagasetning hefur einnig áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs sem margir starfsmenn OR greiða í og tóku nýjar samþykktir þeirrar deildar gildi þann 1. júní 2017. Endurskoðun og tryggingafræðileg úttekt lá fyrir á fjórða ársfjórðungi 2017 og greiddi samstæða Orkuveita Reykjavíkur lífeyrissjóðnum rúmlega 1.104 milljónir króna vegna þessara breytinga þann 15. febrúar 2018. Gjaldfærslan er sérgreind í rekstrarreikningi 2017.

Skýringar

6. Þóknun greidd til endurskoðanda

	2017	2016
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	20.789	15.288
Önnur þjónusta greidd til endurskoðanda	11.974	4.254
Samtals þóknun greidd til endurskoðanda	32.763	19.542

7. Afskriftir og virðisrýrnun

	2017	2016
Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:		
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 10	8.956.759	9.332.096
Virðisrýrnun eigna í byggingu, sbr. skýringu 10	0	990.284
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 11	106.083	70.099
Afskriftir og virðisrýrnun færð í rekstrarreikning	9.062.842	10.392.479

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2017	2016
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	651.108	433.252
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(3.560.464)	(3.272.849)
Áfallnar verðbætur	(851.326)	(905.734)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(758.706)	(1.011.015)
Vaxtagjöld samtals	(5.170.497)	(5.189.598)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	12.543.221	2.873.054
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	27.534	(616.075)
Gangvirðisbreyting áhættuvarnarsamninga	1.406.064	(1.438.956)
Uppgjör áhættuvarnarsamninga	(2.732.072)	(1.506.134)
Gengismunur	(2.646.685)	8.504.057
Arðstekjur	1.763	28.968
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	8.599.823	7.844.913
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	4.080.434	3.088.567

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda OR vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar OR árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,87% (2016: 0,95%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,58% (2016: 0,57%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 759 milljónum kr. árið 2017 (2016: 1.011 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 36. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 13.977 milljónum kr. á árinu 2017 (2016: tekjufærsla að fjárhæð 818 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er tekjufærsla að fjárhæð 12.571 milljónum kr. á árinu 2017 (2016: tekjufærsla 2.260 milljónir kr.).

Skýringar

9. Tekjuskattur

Félög í samstæðunni eru tekjuskattsskyld vegna starfsemi sinnar í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt fyrir utan að rekstur vatnsveitu og fráveitu er undanþeginn tekjuskatti.

Móðurfyrirtækið er í 36% skatthlutfalli en önnur skattskyld félög samstæðunnar hafa 20% skatthlutfall.

Í desember 2017 var samþykkt breyting á lögum um tekjuskatt sem fól í sér hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 36% í 37,6% og öðlaðist þessi lagabreyting gildi frá og með 1. janúar 2018. Áhrif hækkaðs skatthlutfalls á tekjuskattsskuldbindingu í upphafi árs nemur 18,3 milljónum króna og er hækkunin gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:	2017	2016
Tekjuskattur til greiðslu	1.453.685	1.737.164
Breyting á frestuðum tekjuskatti	3.943.314	2.964.509
Gjaldfærður tekjuskattur	5.396.998	4.701.673

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2017	2016
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	21.736.303	18.053.484
Tekjuskattur skv. skatthlutfalli móðurfyrirtækis	36,0% 7.825.069	36,0% 6.499.254
Áhrif skatthlutfalla dótturfélaga	(5,9%) (1.281.364)	(3,9%) (700.268)
Áhrif breytinga á mati á nýtingu		
yfirfæranlegs taps	0,5% 98.000	0,7% 133.132
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	(5,7%) (1.235.196)	(7,0%) (1.259.401)
Áhrif gengismunar vegna mismunandi		
starfrækslugjaldmiðla í samstæðunni	0,02% 4.813	1,2% 38.503
Áhrif breytinga á skatthlutfalli	(0,1%) (18.261)	0,0% 0
Aðrir liðir	0,02% 3.938	(0,1%) (9.548)
Virkur tekjuskattur	24,8% 5.396.998	26,0% 4.701.673

Tekjuskattur færður beint á eigið fé

Frestaður skattur	2017	2016
Fellur til vegna tekna og gjalda sem færð eru beint yfir á eigið fé		
Tekjuskattsáhrif af endurmati	1.527.875	0
Frestaður tekjuskattur samtals	1.527.875	0

Skýringar

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

2017	Framleiðslu-kerfi	Veitu-kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa-fjármunir	Samtals
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	223.906.578	272.482.897	1.957.032	2.210.408	500.556.916
Endurflokkun eigna	61.223	61.195 (122.418)	0	0
Viðbætur á árinu	3.846.101	8.069.198	6.082.072	501.211	18.498.581
Þýðingarmunur	(11.354.448)	0 (872) (8.879) (11.364.199)
Selt og aflagt á árinu	0 (11.465)	0 (27.556) (39.021)
Endurmat, hækkun	9.151.311	16.234.184	0	0	25.385.495
Staða í árslok	225.610.766	296.836.009	7.915.813	2.675.184	533.037.772
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	88.296.093	145.943.833	355.851	1.138.391	235.734.169
Endurflokkun eigna	2.093	3.055 (5.149)	0	0
Afskrifað á árinu	4.203.987	4.434.957	51.216	266.600	8.956.759
Þýðingarmunur	(3.429.934)	0 (322) (1.304) (3.431.560)
Selt og aflagt á árinu	0	0	0 (17.443) (17.443)
Endurmat, hækkun	4.516.488	9.282.671	0	0	13.799.159
Staða í árslok	93.588.728	159.664.516	401.597	1.386.244	255.041.084
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2017.....	135.610.485	126.539.064	1.601.181	1.072.017	264.822.746
Bókfært verð 31.12.2017.....	132.022.038	137.171.493	7.514.216	1.288.940	277.996.688
Þar af eignir í byggingu í árslok	2.234	293.054	0	0	295.288
2016					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	242.676.320	264.376.762	1.512.548	1.986.046	510.551.676
Endurflokkun eigna	(276.822) (107.740)	81.295 (17.465) (320.732)
Viðbætur á árinu	3.848.583	8.213.874	364.930	317.590	12.744.977
Viðbætur eigna í byggingu	518	0	0	0	518
Þýðingarmunur	(22.342.020)	0 (1.741) (8.870) (22.352.631)
Selt og aflagt á árinu	0	0	0 (66.893) (66.893)
Staða í árslok	223.906.578	272.482.897	1.957.032	2.210.408	500.556.916
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	89.424.779	141.539.321	292.548	983.861	232.240.509
Endurflokkun eigna	(301.712) (44.685)	43.290 (17.625) (320.732)
Afskrifað á árinu	4.638.729	4.449.197	20.635	223.536	9.332.096
Virðisrýmning eigna í byggingu	990.284	0	0	0	990.284
Þýðingarmunur	(6.455.987)	0 (621) (2.309) (6.458.916)
Selt og aflagt á árinu	0	0	0 (49.072) (49.072)
Staða í árslok	88.296.093	145.943.833	355.851	1.138.391	235.734.169
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2016.....	153.251.540	122.837.442	1.220.000	1.002.185	278.311.167
Bókfært verð 31.12.2016.....	135.610.485	126.539.064	1.601.181	1.072.017	264.822.746
Þar af eignir í byggingu í árslok	346.299	1.790.524	0	0	2.136.823

Skýringar

10. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Endurmat

Við endurmat eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Endurmat er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti samanber skýringu 36 d. Endurmatið er unnið af sérfræðingum innan samstæðunnar.

Endurmat var framkvæmt vegna framleiðslu í heitu vatni og dreifingu í heitu vatni, köldu vatni, fráveitu og rafmagni í árslok 2017 en það er hluti af reglubundnu endurmati eigna OR. Endurmatið á árinu leiddi til hækkunar á bókfærðu verði um 11.600 milljónir kr.

Endurmat var síðast framkvæmt í viðkomandi kerfum samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Dagsetning endurmats
Framleiðslukerfi:	
Heitt vatn	31.12.2017
Kalt vatn	31.12.2017
Rafmagn	31.12.2014
Dreifikerfi:	
Heitt vatn	31.12.2017
Kalt vatn	31.12.2017
Fráveita	31.12.2017
Rafmagn	31.12.2017
Gagnaflutningur	31.12.2015

Gangvirði framangreindra eigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning var stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi samstæðunnar um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra var ákvarðað af sérfræðingum samstæðunnar. Einnig er litið til niðurstöðu virðisrýmunarprófs og endurmat ekki fært umfram vænt núvirt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eignum. Veitukerfi fyrir heitt vatn, kalt vatn, fráveitu og rafmagn eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis þessara kerfa. Endurmat flokkast undir stig 3 af gangvirði, en stigin eru nánar útskýrð í skýringu 29.

Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok

	Framleiðslu- kerfi	Veitu- kerfi	Samtals
31.12.2017			
Endurmetið bókfært verð	132.022.038	137.171.493	269.193.531
Þar af áhrif endurmats	(39.192.135)	(53.740.138)	(92.932.273)
Bókfært verð án endurmats	92.829.903	83.431.356	176.261.258
31.12.2016			
Endurmetið bókfært verð	135.610.485	126.539.064	262.149.549
Þar af áhrif endurmats	(35.532.280)	(48.341.332)	(83.873.612)
Bókfært verð án endurmats	100.078.205	78.197.731	178.275.936

Skýringar

10. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð miðað við stöðu eigna í lok september 2017 til að staðfesta hvort bæði eignir í notkun og helstu eignir í byggingu standi undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarpróf eru framkvæmd á hvern og einn miðil fyrir framleiðslukerfi og veitukerfi sem er minnsta sjóðskapandi eining.

Endurheimtanleg fjárhæð hvers miðils var metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði var ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu miðlanna. Fjárstreymi var byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um á framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Stuðst var við eftirfarandi forsendur við mat á notkunarvirði:

	Árið 2017				Framl.kerfi virkjana
	Veitukerfi				
	Hitaveita	Rafmagn	Vatnsveita	Fráveita	
Meðalvöxtur tekna 2017-2022	1,2%	0,5%	1,6%	1,2%	2,2%
Framt.vöxtur m.t.t. verðlagspr.	1,2%	1,1%	0,7%	0,8%	0%-7,3%
EBITDA meðalvöxtur 2017-2022	1,8%	-1,2%	1,5%	1,2%	1,9%
Veginn fjármagnskostnaður	5,0%	5,0%	6,0%	5,3%	5,0%-8,8%

	Árið 2016				Framl.kerfi virkjana
	Veitukerfi				
	Hitaveita	Rafmagn	Vatnsveita	Fráveita	
Meðalvöxtur tekna 2016-2021	2,0%	0,8%	-0,1%	1,7%	3,7%
Framt.vöxtur m.t.t. verðlagspr.	1,2%	0,9%	0,9%	0,9%	0% til 6,8%
EBITDA meðalvöxtur 2016-2021	2,6%	1,8%	-0,5%	1,5%	4,0%
Veginn fjármagnskostnaður	5,4%	5,2%	6,3%	5,7%	5,3%- 8,8%

Ekki eru líkur á virðisrýrnun hjá veitukerfum eða heitavatnsframleiðslu þar sem umframvirði er töluvert. Próf fyrir rafmagnsframleiðslu er þó næmt fyrir breytingum á lykilmorsendum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar um 0,25 prósentustig en öðrum forsendum er haldið óbreyttum þá lækkar rekstrarvirði eigna um 2.700 milljónir kr. Ef að áætluð EBITDA er 5% lægri á ári út áætlunartímabilið en öðrum forsendum er haldið óbreyttum þá lækkar rekstrarvirði eigna um 10.400 milljónir kr. Í hvorugu tilfelli kemur þó til virðisrýrnunar.

Eignir í byggingu

Lán, kröfur og innstæður eru færð til bókar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir, þ.m.t. fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim degi sem OR gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Skýringar

36. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Fjármálagerningar, frh.

i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar, frh.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur OR að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef OR framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yferráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Hluta af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið er eftir af OR er sérgreint í ársreikningi sem eign eða skuld.

OR flokkar fjáreignir aðrar en afleiðusamninga í eftirfarandi flokka: Fjáreignir til sölu, Fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning og Lán og kröfur.

Fjáreignir til sölu

Samstæðan tilgreinir fjárfestingar í tilteknum eignarhlutum í öðrum félögum sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Þó er virðisrýrnun vegna fjáreigna til sölu og gengismunur gjaldmiðla ef um er að ræða peningalega liði, færður í rekstrarreikning. Gangvirðisbreytingar, sem færðar hafa verið á eigið fé, eru færðar í rekstrarreikning þegar fjáreign til sölu er afskráð.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning séu þær veltufjáreign eða ef þær eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir OR um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra í samræmi við skrásetta áhættustýringu OR eða fjárfestingastefnu. Við upphaflega skráningu er beinn viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum og sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnstæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

OR afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

OR flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda OR annarra en afleiðusamninga teljast: lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

iii) Afleiðusamningar

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

36. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Fjármálagerningar, frh.

iv) Innbyggðar afleiður

Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamnings og innbyggðar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn í heild á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en veitu- og framleiðslukerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem samstæðan byggir sjálf innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað eru ekki reiknaðir vextir. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Veitu- og framleiðslukerfi samstæðunnar eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatstæði að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatreikning meðal eigin fjár að frádregningi tekjuskattsskuldbindingu. Bakfærsla á áður færðu endurmati vegna verðmatlækkunar eigna er færð til lækkunar á áður færðu endurmati á endurmatreikning að frádregningi tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskatts. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Gangvirði eigna er ákvarðað miðað við afskrifað endurstofnverð. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetið í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning er stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi samstæðunnar um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra var ákvarðað af sérfræðingum OR. Einnig er litið til niðurstöðu virðisrýmnunarprófs sem framkvæmt er af sérfræðingum OR og endurmat ekki fært umfram vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eignum. Dreifikerfi fyrir heitt vatn, kalt vatn, fráveitu og rafmagn eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfum og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis þessara kerfa.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar

36. Mikilvægar reiknings-skilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna frá þeim tíma sem þær eru nýtanlegar. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	7-60 ár
Veitukerfi rafveitu	15-80 ár
Veitukerfi hitaveitu	15-60 ár
Veitukerfi vatnsveitu	15-90 ár
Veiturkerfi fráveitu	15-60 ár
Veitukerfi gagnaveitu	9-41 ár
Aðrar fasteignir	25-50 ár
Aðrir lausafjármunir	3-25 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstími.

e. Óefnislegar eignir

i) Hitaréttindi

Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun og eru færð meðal óefnislegra eigna. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup.

ii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun.

iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan fram tíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

iv) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	5-7 ár
------------------	--------

f. Leigðar eignir

i) OR sem leigutaki

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspeglar betur ávinning af notkun eignarinnar. Óvissar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til. Móttæknir leiguhvatar eru færðir til lækkunar leigukostnaðar á gildistíma leigusamnings (þ.e. ef við á). Hinar leigðu eignir eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi.

ii) OR sem leigusali

Leigutekjur af rekstrarleigusamningum, bæði af eigin eignum og áframleigu eigna, eru færðar línulega á samningstímanum.

g. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstími. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Skýringar

36. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.

h. Virðisrýrnun

i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í verði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi viðkomandi eignar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvarðað með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma. Samstæðan skilgreinir gangvirðislækkun niður fyrir kostnaðarverð sem hlutlæga vísbendingu um virðisrýrnun fjáreigna til sölu þegar:

- um er að ræða lækkun 15% niður fyrir kostnaðarverð eða
- gangvirðislækkun varir í a.m.k. sex mánuði.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu sem fært hefur verið á eigið fé er fært í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem hafa orðið eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði og fjáreigna til sölu sem eru skuldabréf er færð í rekstrarreikning. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna til sölu sem eru hlutabréf er færð beint á eigið fé.

ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Ef vísbending er til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurmatslækkun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum einingum eða hópum eininga. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eignunum.

Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

i. *Hlunnindi starfsmanna*

i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

ii) Réttindatengd lífeyriskerfi

Skuldbinding samstæðunnar vegna réttindatengdra lífeyriskerfa er reiknuð sérstaklega fyrir hvert kerfi með því að áætla framtíðarvirði lífeyrisréttinda sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn hafa áunnið sér á yfirstandandi og fyrri tímabilum. Réttindin eru afvöxtuð til að finna núvirði þeirra og er allur ófærður fyrri kostnaður og raunvirði eigna til greiðslu lífeyris dreginn frá. Árlega reiknar tryggingastærðfræðingur skuldbindingu á grundvelli aðferðar sem miðast við áunnin réttindi. Breytingar á skuldbindingunni eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Skýringar

36. Mikilvægar reiknings-skilaaðferðir, frh.

j. *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðunni ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða og líklegt er að kostnaður vegna hennar, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, falli á samstæðuna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

k. *Tekjur*

i) *Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni*

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á árinu og föstu árlegu gjaldi.

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift rekstrarfjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi eigin fjár. Við ákvörðun tekjumarkna er litið framhjá fjármagnsliðum. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði OR.

ii) *Tekjur af sölu á köldu vatni og fráveitu*

Tekjur vegna sölu á köldu vatni og fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem tengt er kerfunum, auk fasts gjalds og eru færðar línulega. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfsemi.

iii) *Tengigjöld*

Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku, vatns og fráveitu eða við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald af notendum. Þessu gjaldi er ætlað að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu.

iv) *Leigutekjur*

Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

v) *Aðrar tekjur*

Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru og þjónustu.

Skýringar

36. Mikilvægar reiknings-skilaaðferðir, frh.

I. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði af áhættuvarnargerningum sem eru færðir í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af áhættuvarnargerningum sem fært er í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Gengishagnaði og gengistapi er jafnað saman í rekstrarreikningi.

m. Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall móðurfyrirtækisins er 36% og dótturfélaganna 20%. Rekstur vatns- og fráveitu er undanþeginn skattskyldu.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi. Frestaður tekjuskattur var reiknaður miðað við 36% fyrir móðurfyrirtækið sem er skattalega sameignarfélag og 20% fyrir dótturfélagin sem eru hlutafélög.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

n. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, bæði innan og utan samstæðu. Afkoma allra starfspátta samstæðunnar er yfirfarin af stjórnendum til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfspátta og eignir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfspátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Verðlag sölu á vöru og þjónustu milli starfspátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Skýringar

36. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

o. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda. Fjármálastjóri ber ábyrgð á öllum mikilvægum ákvörðunum um gangvirði, þ.m.t. 3. stigs gangvirðismöt. Áhættustýring, undir stjórn fjármálastjóra, fer reglulega yfir mikilvægar forsendur sem eru ógreinanlegar á markaði og matsbreytingar. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá eru þær upplýsingar nýttar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir. Endurskoðunarnefnd samstæðunnar er upplýst um mikilvæg atriði tengd gangvirðismati.

Við ákvörðun gangvirðis eigna eða skulda notar samstæðan markaðsupplýsingar að eins miklu leyti og hægt er. Gagnvirðið er flokkað í mismunandi stig á grundvelli þeirra forsenda sem notaðar eru við matið samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Stig 1: Skráð verð (óbreytt) á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: Aðrar forsendur en skráð verð samkvæmt 1. stigi sem hægt er að greina fyrir eignina eða skuldina, ýmist beint (þ.e. verð) eða óbeint (þ.e. afleidd af verði).

Stig 3: Forsendur sem notaðar eru við mat eignar eða skuldar eru ekki byggðar á fánlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

Ef forsendur sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis eignar eða skuldar flokkast á mismunandi stig í stigkerfinu, þá er gangvirðið allt flokkað á sama stigi og lægstu mikilvægar forsendur matsins.

Samstæðan færir tilfærslur milli stiga í stigkerfinu í lok þess reikningstímabils sem breytingin átti sér stað.

Nánari upplýsingar um forsendurnar sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í þeim skýringum sem þær eiga við og í skýringu um gangvirði nr. 29.

p. Varanlegir rekstrarfjármunir

Gangvirði framleiðslukerfa og gagnaveitukerfa sem hafa verið endurmetin er ákvarðað miðað við afskrifað endurstofnverð. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Einnig er litið til niðurstöðu virðisrýmunarprófs og endurmat ekki fært umfram vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eignum.

q. Fjárfestingar í eignarhlutum í öðrum félögum og skuldabréfum

Gangvirði eignarhluta í öðrum félögum og skuldabréfa er ákvarðað með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörstigi. Ef markaðsverð er ekki þekkt byggir mat á gangvirði á viðurkenndum matsaðferðum. Matsaðferðir geta falið í sér að stuðst er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila. Við beitingu matsaðferða er litið til þeirra þátta sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjáreignir.

Skýringar

36. Ákvörðun gangvirðis, frh.

r. Afleiður

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef það er til. Ef markaðsverð er ekki til, er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Samstæðan sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggja á upplýsingum frá virkum markaði.

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða sem eru endurskoðaðar reglulega af sérfróðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir samstæðan hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

Gangvirði vaxtaskiptasamninga er byggt á verðtilboði miðlara. Þessi verðtilboð eru prófuð með tilliti til sanngirni með því að afvaxta framtíðargreiðsluflæði byggt á ákvæðum og lokadegi hvers samnings og með því að nota markaðsvexti fyrir svipaða gerninga á verðmatsdegi.

s. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags. Gangvirði er einungis metið svo unnt sé að upplýsa um það í skýringum.

t. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði, sem einungis er metið vegna skýringa, er ákvarðað út frá núvirði framtíðarsjóðsflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsdagi.

37. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem samstæðan hefur ekki ennþá innleitt

Nokkrir nýir reikningsskilastaðlar hafa tekið gildi fyrir reikningsár sem hefjast eftir 1. janúar 2017 eða síðar en heimilt er að innleiða þá fyrr. Stjórnendur OR hafa ekki nýtt sér heimild til að innleiða nýja eða breytta reikningsskilastaðla við gerð þessa samstæðuársreiknings.

Eftirfarandi staðlar gætu haft áhrif á samstæðureikninginn á því tímabili þegar þeim verður beitt í fyrsta sinn:

a) IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini

IFRS 15 setur heildstæðan ramma um upplýsingagjöf til notenda reikningsskila um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi af samningum við viðskiptavini. IFRS 15 gildir ekki um tekjur af fjármálagerningum og leigusamningum. Staðallinn kemur í staðinn fyrir IAS 18 Tekjur, IAS 11 Verksamningar og tengdum túlkunum og gildir fyrir tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2018 eða síðar.

Meginregla IFRS 15 er að tekjur skal skrá þannig að þær endurspegli yfirfærslu á vöru eða þjónustu til viðskiptavina miðað við fjárhæð sem endurspeglar endurgjaldið sem OR væntir að fá í skiptum fyrir þær vörur og þjónustu. Færa ber tekjur í samræmi við þessa meginreglu með því að beita fimm skrefa líkani staðalsins til að ákvarða hvenær ber að færa tekjur og miðað við hvaða fjárhæð.

Skýringar

37. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem samstæðan hefur ekki ennþá innleitt, frh.

a) *IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini frh.*

Samstæðan hefur innleitt IFRS 15 frá og með 1. janúar 2018. Það er mat stjórnenda OR að áhrif innleiðingar staðalsins á reikningsskil samstæðunnar séu óveruleg að öðru leyti en því að staðallinn gerir auknar kröfur til efnis og umfangs skýringa með ársreikningum samstæðunnar.

b) *IFRS 9 Fjármálagerningar*

IFRS 9 setur reglur um flokkun, mat og færslu fjáreigna og fjárskulda og gerir breytingar á IFRS 7 varðandi auknar kröfur um upplýsingagjöf vegna fjármálagerninga. Staðallinn kemur í staðinn fyrir IAS 39 og gildir fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar.

IFRS 9 felur í sér nýja nálgun vegna flokkunar og mats fjáreigna, en flokkarnir verða nú þrír: fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði, fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu og fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Við innleiðingu á IFRS 9 og við upphaflega skráningu er að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilt að velja á milli þess að flokka fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða í gegnum aðra heildarafkomu. Eftir það er ekki heimilt að breyta flokkuninni.

Samstæðan flokkar eignarhluti í félögum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Við upptöku á IFRS 9 er heimilt að halda þeirri flokkun áfram og hafa stjórnendur OR ákveðið að nýta sér þessa heimild og halda óbreyttri flokkun. Flokkun á eignarhlutum í félögum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu leiðir til þess að gagnvirðisbreytingar þeirra verða eingöngu færðar í aðra heildarafkomu og færast ekki í rekstrarreikning við sölu.

Skuldabréfaeign er með gjalddaga á árinu 2018. Ákvæði bréfsins fela ekki í sér eingöngu innheimtu á höfuðstól og vöxtum þar sem markaðsbreytur hafa áhrif á gangvirði bréfsins og þá fjárhæð sem verður innheimt á gjalddaga bréfsins. Því ber að flokka skuldabréfið áfram á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Markaðsverðbréf eru flokkuð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Markaðsverðbréf eru ekki með þekkt framtíðar fjárstreymi og þá ber að flokka þau áfram á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

IFRS 9 hefur engin áhrif á flokkun fjáreigna í ársreikningi samstæðunnar.

Skýringar

37. Nýir reikningskilastaðlar og túlkanir á þeim sem samstæðan hefur ekki ennþá innleitt, frh.

b) IFRS 9 Fjármálagerningar, frh.

Í IFRS 9 er horft til vænts útlánataps við mat á virðisrýrnun og er það frábrugðið mati á virðisrýrnun samkvæmt gildandi reglum IAS 39, sem byggir á útlánatapi sem þegar hefur átt sér stað. Við mat á væntu útlánatapi verður að taka tillit til breytinga í efnahagsumhverfinu sem hafa áhrif á vænt útlánatap, en matið þarf að byggja á líkindavegnum grunni. Hin nýja nálgun við mat á virðisrýrnun felur í sér að niðurfærslur eru almennt metnar með tvennum hætti. Annað hvort er virðisrýrnun metin sem 12 mánaða vænt útlánatap. Í því felst virðisrýrnun vegna mögulegra vanskila sem geta orðið innan 12 mánaða frá uppgjörsdegi. Að öðrum kosti er virðisrýrnun metin samkvæmt væntu útlánatapi á líftíma fjáreignar sem felur í sér mögulega virðisrýrnun vegna vanskila sem yrðu á væntum líftíma fjáreignarinnar.

Eignir samstæðunnar sem flokkaðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af viðskiptakröfum og samningseignum, öðrum kröfum, bundnum innstæðum og handbæru fé. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru án verulegs fjármögnunarþáttar og áhættan óveruleg og miðast mat á virðisrýrnun þeirra við vænt útlánatap á líftíma þeirra.

Samkvæmt mati stjórnenda OR munu breytingar á kröfum um mat á virðisrýrnun ekki hafa efnisleg áhrif á mat fjáreigna samstæðunnar, vegna þess að hluti fjáreignanna er metinn á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og kröfur staðalsins um virðisrýrnun ná ekki til slíkra fjáreigna. Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði samkvæmt IFRS 9 eru ýmist skammtímakröfur, þar sem líftími þeirra er skemmri en eitt ár eða kröfur með litla útlánaáhættu. Þess vegna er vænt útlánatap þeirra eigna tiltölulega lágt.

Kröfur IFRS 9 hafa engin áhrif á núverandi meðhöndlun innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum, áhættuvarnarsamninga sem eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og fjárskulda sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Með tilkomu IFRS 9 eru gerðar ítarlegri kröfur en áður um upplýsingagjöf, sérstaklega um útlánaáhættu, vænt útlánatap og áhættuvarnareikningsskil. Samstæðan er ekki í áhættuvarnareikningsskilum og áformar ekki að taka þau upp vegna ársins 2018. Því takmarkast áhrif á skýringar að mestu við útlánaáhættu.

Það er mat stjórnenda OR að áhrif innleiðingar staðalsins á reikningsskil samstæðunnar séu óveruleg að öðru leyti en því að auknar kröfur eru gerðar til efnis og umfangs skýringa með ársreikningum samstæðunnar.

c) IFRS 16 Leigusamningar

IFRS 16 gerir kröfu um heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Leigutaki færir nýtingarrétt sem endurspeglar rétt hans til notkunar á eign og skuld sem endurspeglar skuldbindingu hans til greiðslu á leigu. Samkvæmt staðlinum þarf ekki að færa í efnahagsreikning leigusamninga til skemmri tíma en eins árs og leigu á eignum með lágu verðgildi. Ákvæði um leigusala munu ekki breytast verulega frá gildandi staðli því leigusali heldur áfram að flokka leigusamninga sem fjármögnunarleigusamninga eða rekstrarleigusamninga.

IFRS 16 kemur í stað gildandi leiðbeininga í IAS 17 um leigusamninga, IFRIC 4 sem fjallar um hvort samningur feli í sér leigu, SIC-15 um rekstrarleigusamningahvata og SIC-27 um mat á eðli viðskipta sem eru að forminu til leigusamningur.

Staðallinn tekur gildi fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Stjórnendur OR gera ráð fyrir að áhrif staðalsins á reikningsskil samstæðunnar verði óveruleg.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (óendurskoðuð)

Gildi OR

Gildi OR eru framsýni, hagsýni og heiðarleiki og eru þau höfð að leiðarljósi í allri starfsemi fyrirtækisins.

Umhverfismál

Orkuveitu Reykjavíkur er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem hún nýtir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu, það er að komandi kynslóðir búi við sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. OR skuldbindur sig til þess að leita farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannaþágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni. OR mun verja auðlindirnar fyrir hættum og ágengni, vegna þeirrar ábyrgðar sem fyrirtækinu er falin. OR starfar eftir umhverfis- og auðlindastefnu, sem birt er á vef fyrirtækisins, www.or.is, og nýtur óháðrar vottunar skv. ISO 14001. Ítarleg grein er gerð fyrir umhverfisþáttum starfseminnar á árinu 2017 í ársskýrslu OR 2017, á slóðinni www.arsskyrsla2017.or.is.

Samfélagsleg mál

Orkuveita Reykjavíkur er stórt fyrirtæki á landsvísu og þar býr mikil þekking og reynsla á hagnýtingu jarðvarma og öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. OR miðlar þekkingu og beitir áhrifum í virðiskeðjunni, sem hvetur til ábyrgrar umgengni við umhverfið og jákvæðra samfélagsáhrifa. Gegnsæi er lykilatriði í rekstri OR og gerir fyrirtækið ítarlega grein fyrir samfélagsþáttum starfseminnar á árinu 2017 í ársskýrslu OR 2017, á slóðinni www.arsskyrsla2017.or.is.

Starfsmannamál

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur starfar fólk með hæfni til að sinna þeim verkefnum sem starfsemi fyrirtækisins kallar á. Á vef OR, www.or.is, er að finna starfsmannastefnu, starfskjarastefnu og lykiltölur starfsmannamála fyrirtækisins. OR tryggir að starfsmenn njóti jafnréttis, í samræmi við jafnréttisstefnu OR og jafnréttisáætlanir. Starfsmannastefna OR byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins. Fyrirtækið gerir ítarlega grein fyrir starfsmannamálum á árinu 2017 í ársskýrslu OR 2017, á slóðinni www.arsskyrsla2017.or.is.

Spilling, mútur og mannréttindi

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur er skráð verkgangur um meðferð mála þegar ætla má að starfsmaður hafi brotið gegn reglum fyrirtækisins eða hafi orðið uppvís að sviksemi í starfi. Verkgangsreglan er öllu starfsfólki aðgengileg á innri vef fyrirtækisins. Þar er tilgreint hvað telst frávik eða brot í starfi. Verði starfsmaður var við hugsanlegt brot annars starfsmanns eða starfsmanna í starfi eða grunur vaknar um sviksamt athæfi eða atvik ber að tilkynna það til næsta yfirmanns. Einnig er hægt að tilkynna hugsanleg brot eða sviksemi til innri endurskoðanda fyrirtækisins. Þeim sem berast ábendingar um hugsanleg brot eða sviksemi eiga að upplýsa það en gæta ber fyllsta trúnaðar við meðferð slíkra upplýsinga. Lögræðingur OR veitir jafnframt ráðgjöf eða lagalega aðstoð eftir atvikum. Stjórnendur OR, framkvæmdastjórn og forstöðumenn bera ábyrgð á innra eftirliti hver á sínu sviði. Gæðamál bera ábyrgð á að innri eftirlitskerfi OR séu virk. Gæðakerfi OR njóta óháðrar vottunar ytri aðila.

OR leggur mikla áherslu á jafnrétti og gengur jafnréttisstefna félagsins út á skuldbindingu um stöðugar umbætur í jafnréttismálum. Félagið leggur mannréttindarákvæði stjórnarskrárinnar til grundvallar jafnréttisstefnu sem miðar að því að meta einstaklinga að eigin verðleikum og að þeir fái notið jafns réttar. Jafnréttisstefnan byggir á gildum og heildar stefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar um ófjárhagslegar upplýsingar

Samhliða ársreikningi gefur OR út ársskýrslu 2017 þar sem m.a. er gerð nánari grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum um félagið. Skýrsluna er að finna á slóðinni www.arsskyrsla2017.or.is

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Samstæðuársreikningur

2017

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Kt. 690500-2130

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. var stofnað á árinu 2000. Það tók við rekstri slökkviliðanna á höfuðborgarsvæðinu frá 1. júní 2000. Í samþykktum byggðasamlagsins segir að tilgangur þess sé að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, eignir og sinna öðrum lögbundnum verkefnum.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík (60,8%), Kópavogur (14,4%), Hafnarfjarður (12,2%), Garðabær (6,2%), Mosfellsbær (4,0%) og Seltjarnarnes (2,4%).

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., SHS fasteigna ehf. og Almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Rekstrarafgangur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. á árinu 2017 nam 335 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi og eigið fé í árslok nam 2.027 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn byggðasamlagsins leggur til að hagnaður ársins verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigið fé.

Það er álit stjórnar byggðasamlagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2017 með áritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2018.

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Slökkviliðsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. („samstæðan“) fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2017 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissu en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. febrúar 2018.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2017

		2017	2016	Áætlun 2017
Rekstrartekjur				
Rekstrartekjur	2	2.788.648	2.535.555	2.761.274
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	3	2.205.941	1.977.971	2.190.773
Námskeið og verkefni		85.307	70.844	91.571
Viðhald og rekstur tækja og bifreiða		71.420	67.677	69.349
Húsnæðiskostnaður		135.559	119.360	137.290
Annar rekstrarkostnaður		152.032	131.395	147.937
		<u>2.650.259</u>	<u>2.367.247</u>	<u>2.636.919</u>
Afkoma fyrir afskriftir		138.389	168.308	124.354
Afskriftir	5	80.085	83.026	90.292
Afkoma án fjármagnsliða		58.304	85.282	34.063
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	13.713	5.078	(12.606)
Leiðrétting lána	16c	263.452	0	263.452
Afkoma fyrir tekjuskatt		335.470	90.360	284.909
Tekjuskattur	10	0	(40.685)	0
Afkoma ársins	9	<u>335.470</u>	<u>49.675</u>	<u>284.909</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2017	2016
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		1.760.480	1.803.613
Bifreiðar		67.665	66.702
Áhöld og tæki		93.496	96.845
Hugbúnaður		581	1.349
Fastafjármunir	5	<u>1.922.222</u>	<u>1.968.509</u>
Aðrar langtímaeignir			
Fyrirframgreidd framlög til Brúar lífeyrissjóðs	16c	<u>169.971</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		127.786	109.564
Aðrar skammtímakröfur		10.604	18.799
Handbært fé		<u>494.638</u>	<u>365.015</u>
Veltufjármunir		<u>633.027</u>	<u>493.378</u>
Eignir samtals		<u>2.725.221</u>	<u>2.461.887</u>

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2017	2016
Eigið fé			
Stofnfé		1.632.967	1.632.967
Óráðstafað eigið fé		394.406	58.936
Eigið fé	8,9	<u>2.027.373</u>	<u>1.691.903</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	11	<u>220.554</u>	<u>227.440</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		84.772	68.057
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	10.537	10.034
Aðrar skammtímaskuldir	12	<u>381.985</u>	<u>464.453</u>
		<u>477.294</u>	<u>542.544</u>
Skuldir samtals		<u>697.848</u>	<u>769.984</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.725.221</u></u>	<u><u>2.461.887</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins	9	335.470	49.675
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	80.085	83.026
Gengismunur og verðbætur lána		4.018	4.976
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		131	0
Tekjuskattur		0	40.685
Veltufé frá rekstri		<u>419.704</u>	<u>178.362</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, breyting	(10.027)	(34.544)
Skammtímaskuldir, breyting	(65.750)	(146.967)
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting	(169.971)	0
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(<u>245.748)</u>	<u>(181.511)</u>
Handbært fé frá (til) rekstri		<u>173.956</u>	<u>(3.149)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í fasteignum		0	(14.184)
Fjárfesting í bifreiðum	(12.049)	(8.822)
Seldar bifreiðar		290	0
Fjárfesting í áhöldum og búnaði	(22.172)	(31.908)
Fjárfestingarhreyfingar	5	<u>(33.931)</u>	<u>(54.914)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána	(10.403)	(9.896)
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>10.403)</u>	<u>(9.896)</u>
Breyting á handbæru fé		129.623	(67.959)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>365.015</u>	<u>432.974</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>494.638</u></u>	<u><u>365.015</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur að geyma samstæðureikning byggðasamlagsins og dótturfélaga. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi byggðasamlagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti milli samstæðufélaga, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

b. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2017. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

c. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af tekjum frá eignaraðilum, sölu á þjónustu, ýmsum sértekjum og húsaleigutekjum.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Fasteign	50 ár
Bifreiðar	10 ár
Áhöld og tæki	5 - 10 ár
Hugbúnaður	5 ár

f. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

g. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	2017	2016
Tekjur frá eignaraðilum	1.520.241	1.388.500
Tekjur vegna sjúkraflutninga	1.084.375	985.884
Aðrar sértekjur	67.686	66.610
Húsaleigutekjur	108.777	87.678
Almannavarnir	7.569	6.883
Samtals	<u>2.788.648</u>	<u>2.535.555</u>

Skýringar, frh.:

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun	1.729.518	1.588.851
Önnur launatengd gjöld	503.981	402.656
Áfallinn launakostnaður, breyting ársins	(27.559)	(13.536)
Launatengd gjöld og kostnaður	<u>2.205.941</u>	<u>1.977.971</u>

Á meðal annarra launatengdra gjalda eru gjaldfærðar 62 millj.kr. vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóðs. Vísað er í skýringu 16c varðandi frekari umfjöllun um uppgjorið.

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf

	162	155
--	-----	-----

Laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda námu alls 64,3 millj. kr. á árinu 2017 (2016: 56,4 millj.).

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2017	2016
Vaxtatekjur og verðbætur	25.763	17.984
Vaxtagjöld og verðbætur	(12.050)	(12.906)
Samtals	<u>13.713</u>	<u>5.078</u>

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Undir samrekstur heyrir skrifstofu og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðra og farþegum strætó og skipulagssvið.

Skýringar, frh.:

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Fasteignir	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2017	2.596.766	120.773	180.752	70.264	2.968.555
Afskrifað áður	(1.303.624)	(20.274)	(101.893)	(21.945)	(1.447.736)
Bókfært verð 1.1.2017	1.293.142	100.499	78.859	48.319	1.520.819
Viðbót á tímabilinu	209.299	0	23.341	20.719	253.359
Afskrifað á tímabilinu	(141.344)	(2.415)	(27.021)	(19.253)	(190.033)
Bókfært verð 31.12.2017	1.361.097	98.084	75.180	49.784	1.584.146
Afskriftahlutföll	8-13%	2%	10-33%	25%	

	Fasteignamat	Vátryggingar verðmæti	Bókfært verð
Þönglabakki 4	69.400	110.645	98.084

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja nam samtals um 142,6 m.kr. í árslok 2017, bókfært verðmæti áhalda og tækja var um 75,1 m.kr. í árslok.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna nam samtals um 1.556,7 m.kr. í árslok 2017, bókfært verðmæti vagna í lok ársins var um 1.361,1 m.kr.

8. Vörubirgðir

	2017	2016
Olía	20.763	17.424
Varahlutir	81.353	84.678
Niðurfærsla birgða	(10.000)	(10.000)
	<u>92.116</u>	<u>92.102</u>

Vátryggingaverðmæti birgða	101.084	101.600
----------------------------------	---------	---------

Birgðir hafa verið niðurskrifaðar um 10 m.kr., sem nemur um 13% af birgðum í árslok.

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptamenn	262.980	250.323
Viðskiptamenn - Ferðaþjónusta fyrir fatlaða	18.814	16.733
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur	56.213	54.739
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(7.400)	(7.400)
	<u>330.608</u>	<u>314.395</u>

Viðskiptakröfur hafa verið niðurskrifaðar um 7,4 m.kr., sem nemur um 2% af viðskiptakröfum félagsins í lok tímabilsins.

10. Aðrar skammtímakröfur

Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar	15.493	22.732
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	7.009	5.174
	<u>22.501</u>	<u>27.907</u>

Skýringar, frh.:

11. Aðrar skammtímaskuldir

	2017	2016
Áunnið ógreitt orlof	137.844	122.299
Ógreidd laun og launatengd gjöld	130.639	129.899
Aðrar skammtímaskuldir	76.043	154.274
	<u>344.527</u>	<u>406.472</u>

12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017	900.018	985.995	1.886.013
Rekstrarniðurstaða ársins		10.387	10.387
Staða 31.12.2017	<u>900.018</u>	<u>996.382</u>	<u>1.896.400</u>

	Eignarhlutur			
Garðabær	6,24%	56.161	62.174	118.335
Hafnarfjörður	12,50%	112.502	124.548	237.050
Kópavogur	14,60%	131.403	145.472	276.874
Mosfellsbær	4,07%	36.631	40.553	77.183
Reykjavík.....	60,30%	542.711	600.818	1.143.529
Seltjarnarnes	2,29%	20.610	22.817	43.428
	100,00%	<u>900.018</u>	<u>996.382</u>	<u>1.896.400</u>

13. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	Vextir	
Arionbanki hf., verðtryggt	4,50%	10.495
Íslandsbanki hf., óverðtryggt	6,60%	12.084
		<u>22.579</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu árum:

1.1.2018-31.12.2018	<u>22.579</u>
	<u>22.579</u>

14. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að tvöfalda a.m.k hlutdeild almenningsamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landsamgöngum

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

Skýringar, frh.:

15. Tengdir aðilar

Skilgreining á tengdum aðilum

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins:

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

16. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Uppgjör Strætó við Brú lífeyrissjóð er tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem samþykkt voru á Alþingi með lögum nr. 127/2016. Meðal breytinga er að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verður aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Framlagið nemur samtals 1.035,9 m.kr. þar sem 254,4 m.kr. hafa verið gjaldfærðar á árinu 2017, þ.e. allt framlagið í jafnvæggissjóðinn 238,1 m.kr., 14 m.kr. af framlaginu í lífeyrisaukasjóðinn og 2,3 m.kr. af framlaginu í varúðarsjóðinn.

Heildarframlagið í sjóðinn er þrískipt og skiptist framlag Strætó á eftirfarandi hátt:

- 238,1 m. kr. framlag í jafnvæggissjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi
- 720,3 m. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka
- 77,5 m. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabrigðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 sem heimilar að fyrirframgreiðslu í lífeyrisaukasjóð sé gjaldfærð með jöfnum fjárhæðum á 30 árum og framlagið í varúðarsjóð með jöfnum fjárhæðum á 20 árum.

Greiðsludagur heildarframlagsins var 1. mars 2018. Fjármögnun framlagsins er að langstærstum hluta með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga eða 1 milljarð króna til allt að 38 ára.

17. Önnur mál

Höfðuð hafa verið tvö mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010.

Í fyrra málinu krafðist stefnandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Á árinu var gjaldfærð varúðarfærsla vegna framangreinds máls.

Í seinna málinu var dómur Hæstaréttar kveðinn upp 21. september 2017 þar sem dómur Héraðsdóms frá 16. júní 2016 var staðfestur. Héraðsdómur taldi skilyrðum skaðabótaábyrgðar vera fullnægt í málinu en taldi ætlað fjártjón stefnanda vegna missis hagnaðar nema 100 m.kr. Sekt ásamt vöxtum og dráttarvöxtum hefur verið greidd.

Nokkrir rammasamningshafar í akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó til kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði 21. júní 2016 að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskyld gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kærenda. Niðurstaða kærunefndar hefur verið til skoðunar en engin niðurstaða komin.

Trúnaðarmál



Greinargerð

B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2017

Lagt fram í borgarráði
26. apríl 2018

Efnisyfirlit

B-hluti	1
Faxaflóahafnir	1
Félagsbústaðir	6
Orkuveita Reykjavíkur	11
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	17
SORPA bs	22
Strætó bs	26
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki	30

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjörs Reykjavíkurborgar.


Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir

Faxaflóahafnir sf. (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Breyting	%	Raun 2016	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.692	3.506	186	5,3%	3.410	283	8,3%
Rekstrargjöld	-3.095	-2.988	-107	3,6%	-2.705	-390	14,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	16	26	-9	-35,7%	38	-22	-57,2%
Óreglulegir liðir (tekjur)	40					40	
Rekstrarniðurstaða	653	543	110	20,2%	743	-89	-12,0%


Rekstrarniðurstaða

Afkoma Faxaflóahafna árið 2017 er viðundandi og betri en fjárhagsáætlun lagði upp með þrátt fyrir 322 mkr framlags til Brúar lífeyrissj.




Rekstrartekjur Faxaflóahafna hækkuðu um 8,3% milli árána 2016 og 2017. Aukinn innflutningur hækkaði vörugjöld um 10% og koma stærri skipa hækkaði tekjur vegna hafnarþjónustu og skipagjalda um 20%. Lækkun aflagjalda stafaði af lægra aflaverðmæti m.a. vegna styrkingar krónunnar, lækkandi fiskverðs og sjómannaverkfalls. Þá voru eignatekjur 73,0 mkr undir áætlun og vegur þar þýngst að ekki hefur reynst unnt að leigja út rými í Hafnarhúsinu eftir að tvö ráðuneyti fluttu úr húsinu.

Tekjur eftir starfspáttum (í mkr)	Raun 2017	Áætlun	Mism.	%	Raun 2016	Mism.	%
Vörugjöld	1.421	1.301	120	9,2%	1.286	135	10,5%
Aflagjöld	148	230	-82	-35,7%	228	-80	-35,1%
Skipagjöld	397	337	60	17,8%	305	92	30,0%
Eignatekjur	777	850	-73	-8,6%	828	-51	-6,2%
Hafnarþjónusta	601	496	105	21,2%	452	149	32,8%
Siglingavernd	345	292	53	18,2%	307	38	12,2%
Aðrar tekjur	3	0	3		1	2	123,7%
	3.692	3.506	186	5,3%	3.410	282	8,3%



Rekstrargjöld Rekstrarkostnaður hækkar milli ára aðallega vegna gjaldfærslu við Brú lífeyrissj.



Gjöld eftir starfsþáttum (í mkr)	Raun 2017	Áætlun	Mism.	%	Raun 2016	Mism.	%
Hafnavirki	515	577	-62	-10,7%	505	10	2,0%
Eignagjöld	409	470	-61	-13,0%	413	-4	-0,9%
Hafnarþjónusta	507	488	19	3,9%	453	54	11,9%
Skrifstofu- og stjórnunark.	366	378	-12	-3,2%	340	26	7,6%
Siglingavernd	254	245	9	3,7%	230	24	10,4%
Gjaldf. Uppgjör við Brú Isj	322		322		0	322	
Afskriftir	722	830	-108	-13,0%	764	-42	-5,5%
	3.095	2.988	107	3,6%	2.705	390	14,4%




Efnahagur

Efnahagur (mkr)	2017	2016	Breyting	%
Fastafjármunir	12.880	12.391	489	3,9%
Veltufjármunir án handb.fjár	618	562	56	10,0%
Handbært fé	1.354	1.428	-74	-5,2%
Eignir samtals	14.852	14.381	471	3,3%
Eigið fé	13.310	13.028	282	2,2%
Langtímaskuldir	715	795	-80	-10,0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	94	96	-2	-2,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	733	462	271	58,7%
Skuldir samtals	1.542	1.353	189	14,0%
Skuldir og eigið fé samtals	14.852	14.381	471	3,3%

Sjóðstreymi





Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum og lóðasölu.

Eignabreytingar 2017

- **Í Gömlu höfninni í Reykjavík** var unnið að endurnýjun viðlegubakka á Norðurgarði og var það stærsta einstaka verkefnið í Gömlu höfninni. Unnið var að endurhönnun á hluta rafdreifikerfis hafnarinnar, unnið við endurnýjun hluta neðstu hæðar Bakkaskemmu, endurbætur gerðar á Grandagarði og bætt við göngubryggjur í Vesturbugt.
- **Í Sundahöfn** var áfram unnið að byggingu nýs viðlegubakka utan Klepps. Verkefnið er viðamesta verkefni hafnarinnar og lýkur væntanlega á árinu 2019. Þá var unnið að undirbúningi yfirborðsfrágangs í tengslum við nýjan bakka utan Klepps og skipulagsvinnu farmstöðvarinnar í Sundahöfn og á Kleppslandi.
- **Á Grundartanga** unnið við nýjan kantbita Tangabakka og hækkuð þekju og baklands. Gengið var frá einni lóð og henni úthlutað í samræmi við samkomulag Faxaflóahafna sf. og Eimskipa.
- **Á Akranesi** hófst undirbúningur að endurnýjun og lengingu fremsta hluta aðalhafnargarðs. Meginþungi framkvæmda verður hins vegar árið 2019.

Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum						
(í mkr)	2013	2014	2015	2016	2017	2017Á
Gamla höfnin	270	221	128	125	461	570
Sundahöfn	310	283	398	1.516	957	680
Grundartangi	258	431	331	225	251	550
Akranes	1	49	50	17	45	25
Borgarnes				9	0	0
Annað	30	30	25	44	18	30
Alls:	869	1.014	932	1.935	1.731	1.855

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir árin 2013-2017:

Faxaflóahafnir	2013	2014	2015	2016	2017
Eiginfjárlutfall	86,4%	89,3%	90,3%	90,6%	89,6%
Arðsemi eigin fjár	5,4%	5,7%	8,2%	5,9%	5,0%
Veltufjárlutfall	2,00	3,34	4,65	3,57	2,39
Langtímaskuldir/eigið fé	10,4%	8,1%	7,0%	6,1%	5,4%
Uppgreiðslutími	1	1	1	1	1
Heildarskuldir/rekstrartekjum	62,8%	46,3%	42,5%	39,7%	41,8%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	46,6%	44,4%	43,6%	44,3%	36,0%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	47,2%	46,2%	43,6%	43,1%	35,7%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Í samræmi við lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 m.s.br. fór fram endurmat á lífeyrisskuldbindingum A-deildar Brúar lífeyrissjóðs m.v. 31.05.2017. Voru bæði metnar áfallnar skuldbindingar og framtíðarskuldbindingar (vegna lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs) sem námu alls 322 mkr.
- Vakin er athygli á því að félagið gjaldfærði að fullu uppgjör áfallinna og framtíðarskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð árið 2017 en heimilt er skv. reglugerð að dreifa gjaldfærslu framtíðarskuldbindinga yfir lengra tímabil. Þetta hefur áhrif á á mögulega arðgreiðslu til eigenda vegna ársins 2017.
- Fjárfestingar ársins 2018 eru áætlaðar 1.845 mkr. Miðað við sterka stöðu handbærs fjár getur félagið geti ráðist í þær án frekari lántöku.
- Staða á handbæru fé er mjög góð og sýnir sterka stöðu fyrirtækisins. Veltufjárhlutfall er mjög gott.
- Kennitölur félagsins lýsa miklum fjárhagslegum styrk.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Vakin er athygli á háu eiginfjár- og veltufjárhlutfalli en lágri arðsemi eigin fjár sem bendir til að fjárbinding í félaginu sé hærri en félagið getur ávaxtað með góðu móti.
- Mikilvægt er að móta eigendastefnu og áhættu- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

Félagsbústaðir


Ársuppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Breyting	%	Raun 2016	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.678	3.717	-39	-1,1%	3.303	375	11,4%
Rekstrargjöld	-2.024	-1.937	-87	4,5%	-1.785	-238	13,3%
Rekstrarhagnaður	1.654	1.781	-126	-7,1%	1.518	137	9,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-1.130	-1.166	36	-3,1%	-1.034	-97	9,3%
Verðbætur	-583				-649	65	-10,1%
Matsbreyting fjárfestingaeigna	7.604				10.942	-3.338	-30,5%
Rekstrarniðurstaða	7.545	614	6.931	1128,5%	10.777	-3.233	-30,0%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á árinu 2017 námu 3.678 mkr og jukust um 11% milli ára en þar munar mest um stækkun eignasafnsins og 5% hækkun leiguverðs sem tók gildi 1. ágúst. Rekstrartekjur voru 39 mkr undir áætlun en það skýrist aðallega af seinkun á hækkun leiguverðs auk þess sem verðbólga var minni en áætlað var. **Rekstur og viðhald eigna** hækkar í takt við stækkun og verðlag en samanborið við áætlun voru rekstrargjöld 87 mkr yfir áætlun þar af hækka framkvæmdagjöld húsfélaga um 77 mkr og skýra því hækkinina að mestu. Framkvæmdagjöld húsfélaga hafa ríflega tvöfaldast á þremur árum en erfitt er að spá fyrir um þennan kostnaðarlið. **Launakostnaður** hækkar talsvert á milli ára, en mestu munar um lífeyrisskuldbindingu við Brú lífeyrissjóð 45 mkr, sem er einskíptis gjaldaliður gerður upp í rekstri ársins 2017. **Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBIT%)** er nokkuð lægra en á fyrra ári 45,0%. Ef tillit er tekið til uppgjors við Brú er EBIT 46,2% og hækkar því frá fyrra ári.




Efnahagur og eignasafn


Efnahagur (mkr)	2017	2016	Breyting	%
Fastafjármunir	77.375	65.756	11.619	18%
Veltufjármunir án handb.fjár	243	400	-157	-39%
Handbært fé	49	1.599	-1.550	-97%
Eignir samtals	77.666	67.754	9.912	14,6%
Eigið fé	40.256	32.712	7.545	23,1%
Langtímaskuldir	34.198	33.881	317	1%
Næsta árs afborganir langt. skulda	605	581	24	4%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	2.606	580	2.026	349%
Skuldir samtals	37.409	35.043	2.367	6,8%
Skuldir og eigið fé samtals	77.666	67.754	9.911	14,6%

Heildareignir félagsins námu 77.666 mkr í árslok 2017 en þær jukust um 14,6%. Fjárfestingaeignir jukust um 17,7% eða 11.611 mkr, fjárfest var fyrir 4.007 mkr og matsbreyting nam 7.604 mkr. Ný langtímalán námu 340 mkr á árinu, þar af voru stofnframlög frá ríki og sveitarfélagi 191 mkr en þetta er í fyrsta sinn sem félagið fær greidd stofnframlög. Félagið skuldar lánastofnun 1.881 mkr aðallega vegna íbúðakaupa og framkvæmda. Félagið mun fjármagna þá skuld með langtímalánum og stofnframlögum árið 2018. Eigið fé hækkaði um ríflega 7,5 milljarða frá ársbyrjun 2017 sem skýrist af matsbreytingu eigna. Eiginfjárhlutfall í lok árs var 51,8% en var 48,3% í lok árs 2016.

Sjóðstreymi




Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:



Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af tekjum lækkar frá árinu 2016 sem rekja má til uppgjörsins við Brú. Ef ekki hefði komið til þessa þá væri veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum 15,8% og veltufé frá rekstri sem hlutfall af afborgunum langtímalána 0,99. Árin 2016 og 2017 dugar veltufé frá rekstri ekki fyrir afborgunum lána en mjög æskilegt er að þetta hlutfall sé að lágmarki 1.

Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Á síðustu árum hefur nettó fjárfesting verið töluvert umfram veltufé frá rekstri og er bilið brúað með stofnframlögum og lántökum

¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir árin 2013-2017 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbúst.-gangvirðisuppgj.	2013	2014	2015	2016	2017	Markmið
Eiginfjárhlutfall	30,1%	36,8%	40,2%	48,3%	51,8%	-
Arðsemi eigin fjár	14,6%	37,2%	23,3%	49,7%	23,1%	-
Veltufjárhlutfall	0,14	0,14	0,09	1,72	0,09	-
Langtímaskuldir/eigið fé	224,6%	164,6%	133,3%	103,6%	85,0%	-
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir	1,58	1,61	1,56	1,47	1,44	1,4
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	1,01	1,06	1,01	0,95	0,97	0,9
Uppgreiðslutími	53,5	49,1	53,8	68,8	65,1	-
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	18%	19%	17%	15%	15%	-
Framlegð (EBITDA)/rekstrartekjur	50%	50%	48%	46%	45%	-

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Í samræmi við lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 m.s.br. fór fram endurmat á lífeyrisskuldbindingum A-deildar Brúar lífeyrissjóðs m.v. 31.05.2017. Voru bæði metnar áfallnar skuldbindingar og framtíðarskuldbindingar (vegna lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs) sem námu alls 45 mkr.
- Rekstrarniðurstöðu félagsins á árinu 2017 og aukningu eigin fjár má alfarið rekja til hækkunar á metnu virði fasteigna félagsins vegna hækkunar fasteignaverðs. Á árinu 2017 voru matsbreytingar fjárfestingaeigna 7,6 mkr samanborið við 10,9 mkr í fyrra og lækkuðu um 30,5% á milli ára. Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2017 og hins vegar er miðað við 7,9% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til desember. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgi þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafni félagsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem eykst um 9,0% á milli ára, sem er undir 11,4% hækkun tekna milli ára (rekstrargjöld hækka um 13,3% á milli ára). Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysliverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Leiguverðskerfi sem kynnt var fyrir rúmu ári til að tryggja sjálfbærni félagsins var tekið í notkun í febrúar 2017. Í nýju leiguverðskerfi er leiguverð einstakra leiguinga í langflestum tilfellum ákvarðað sem hlutfall af fasteignamati þeirra árið 2017. Í áætlun vegna ársins 2018 hefur verið lagt til að leiguverð félagsins hækki um 5% umfram vísitölu neysliverðs en ákvörðun varðandi þá hækkun hefur ekki enn verið tekin.
- Framkvæmdagjöld húsfélaga námu 237,6 mkr og hafa næstum tvöfaldast frá árinu 2015 þegar þau voru 119,4 mkr. Þá eru framkvæmdagjöld um 6,5% af tekjum árið 2017 en voru 5,2% árið 2015. Mögulegar ástæður fyrir auknum framkvæmdagjöldum er uppsöfnuð viðhaldsþörf fasteigna, rýmri fjárráð þeirra sem eiga íbúðir og hækkun á töxtum verktaka.
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er talsvert hærri en áætlun, en launakostnaður er 63,5 mkr umfram áætlun. Mest munar um 45 mkr gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð (einskiptiskostnaður) auk breytinga á fyrirkomulagi stjórnarlauna sem eru nú greidd mánaðarlega en ekki árlega eftirá (eru því tvöföld 2017), launahækkana og fjölgun stöðugilda um eitt.
- Afkoma fyrir matsbreytingu var 524 mkr sem er nokkru lægri en afborganir lána 584 mkr. Afborganir lána hafa hækkað um 3,3% vegna þess að lánin eru að eldast og afborgunarhluti að hækka auk nýrra langtímalána sem tekin voru til að fjármagna fjárfestingar á árinu 2016. Vaxtaþekja lækkaði í 1,46 og skuldaþekja hækkaði í 0,97 árið 2017 (1,47 og 0,95 árið 2016) en eru enn yfir lágmarkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9.
- Handbært fé minnkaði mikið á árinu eða úr 1.599 mkr árið 2016 í 48 mkr árið 2017 en fjármagnið var notað til að kaupa fjárfestingaeignir.
- Lántökur á árinu námu alls 340 mkr þar af voru um 149 mkr lán frá Íbúðalánasjóði en 191 mkr voru stofnframlög frá ríki og sveitarfélagi en þetta var í fyrsta sinn sem félagið fær greidd stofnframlög. Félagið skuldar lánastofnun 1.881 mkr (yfirdráttarlán) vegna íbúðakaupa og framkvæmda. Félagið mun fjármagna þá skuld með langtímalánum og stofnframlögum árið 2018.

- Félagsbústaðir sótti um stofnframlög vegna áætlaðra íbúðakaupa 2018 í lok október 2017. Aðeins ein af 4 umsóknum sem skilað var í október 2016 hafa verið greiddar að fullu. Eftir á að greiða síðari hluta frá ríki og borg vegna 3ja umsókna auk þess sem Félagsbústaðir eiga von á að fá hluta af stofnframlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna byggingar sambýlanna í Þorláksgesla, Austurbrún og Kambavaði. En umsóknir vegna sambýlanna voru ekki samþykktar af hálfu Íbúðalánasjóðs nema að því marki sem viðmið í reglugerð heimila. Félagið væntir þess að Jöfnunarsjóður fjármagni það sem á vantar.

	Stofnvirði	Stofnframlög				Lánsfj	Fjöldi	Staða
		Ríki 18%	Ríki 4% v.	Rvk.borg	Stf. alls			
Umsókn 2017 10:								
Alls 2017 10	4.777	860	191	573	1.624	3.153	140	Samþykkt
Umsóknir 2016 10:								
Kaup 2016	350	63	14	42	119	231	12	Greitt
Byggt 2016	264	48	11	32	90	174	6	1/2 + ógr.
Áætluð kaup	1.462	263	58	175	497	965	47	Ógreitt
Byggt 2017	611	110	24	73	208	403	14	1/2 + ógr.
Alls 2016 10	2.687	484	107	322	914	1.773	79	

- Á árinu var undirbúið skuldabréfaútbóð á vegum félagsins eins og stefnt var að. Fyrsta útbóð félagsins á skuldabréfum fór fram 11. janúar 2018 og stefnir félagið á að vera reglulegur útgefandi skuldabréfa. Nokkur óvissa er um hvort hægt sé að fjármagna íbúðir með skuldabréfaútgáfu þar sem skuldabréfin eru eignatryggð ef íbúðirnar njóta stofnframlags skv. lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir og reglum þar að lútandi. Unnið er að viðunandi lausn fyrir Félagsbústaði.
- Á árinu samþykkti stjórn áhættustefnu fyrir félagið og komið á fót áhættunefnd sem í sitja 3 aðilar; fjármálastjóri, aðili tilnefndur af fjármálastjóra borgarinnar og óháður fagaðili tilnefndur af stjórn.


Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Mikilvægt er að tryggja tekjugrunn félagsins sem er forsenda þess að félagið geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar og fjármagnað sig á markaði. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki úr tæplega 2.500 íbúðaeiningum í 3.200 árið 2022 eða sem nemur um 30%. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna eykur þrýsting á enn frekari hækkun tekna umfram verðlag til að tryggja sjálfbærni félagsins. Þar sem tekjur félagsins eru verðtryggðar hefur verðbólga umfram áætlun jákvæð áhrif á sjóðstreymi Félagsbústaða. Stækkun eignasafnsins m.v. fjárfestingaráætlun kallar á 5% hækkun leiguverðs til viðbótar á árinu 2018, til að tryggja jafnvægi í sjóðstreymi árin 2018 og 2019 m.v. að verðbólguforsendur fjárhagsáætlunar standist. Þess ber að geta að hlutfall leiguverðs Félagsbústaða er að jafnaði um 60%-70% af leiguverði á markaði.
- Mikilvægt er að ljúka vinnu við eigendastefnu félagsins þar sem m.a. verði skilgreind stefna um viðhald og fjármögnun félagsins og skilgreindir mælikvarðar á sjálfbærni félagsins sem auðveldi mat á fjárhagsstöðu félagsins og eftirlit með þróun hennar. Vönduð greiningarvinna á viðhaldi og fjármagnsskipan félagsins er forsenda þess að tryggja megi sjálfbærni í rekstri félagsins þegar horft er til lengri tíma.

Orkuveita Reykjavíkur


Orkuveita Reykjavíkur (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Breyting	%	Raun 2016	Breyting	%
Rekstrartekjur	44.002	41.028	2.974	7,2%	41.423	2.579	6,2%
Rekstrargjöld	-26.348	-26.473	125	-0,5%	-26.455	107	-0,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4.080	-4.297	8.377	-194,9%	3.089	991	32,1%
Óreglulegir liðir (tekjur)	2	0	2		-3	5	-166,7%
Tekjuskattur	-5.397	-1.816	-3.581	197,2%	-4.702	-695	14,8%
Rekstrarniðurstaða	16.339	8.442	7.897	93,5%	13.352	2.987	22,4%

Rekstrarniðurstaða samstæðu OR var 16,3 mkr á árinu, um helmingur er vegna reiknaðra framtíðartekna af rafmagnssölu sem tengd er álverði.



Rekstrartekjur ársins voru 44 mkr og hækka um 6,2% frá 2016. Tekjuaukning skýrist einkum af aukinni sölu á heitu vatni, aukinni raforkusölu, hækkun álverðstengra tekna vegna hækkunar álverðs og fjölgun viðskiptavina vegna aukinna umsvifa í samfélaginu. Gjaldskrá Veitna fyrir rafmagnsdreifingu lækkaði tvisvar á árinu 2017 og vatnsgjald var lækkað í upphafi árs.


Tekjur eftir starfspáttum (í mkr)	Raun 2017	Áætlun	Mism.	%	Raun 2016	Mism.	%
Veitur	27.540	26.510	1.030	3,9%	27.027	513	1,9%
Orka náttúrunnar	13.749	12.045	1.704	14,1%	12.290	1.459	11,9%
Önnur starfsemi	2.713	2.473	240	9,7%	2.106	607	28,8%
	44.002	41.028	2.974	7,2%	41.423	2.579	6,2%



Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Orku náttúrunnar, Veitur og aðra starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 36,1% af heildartekjum samstæðu OR.

Rekstrargjöld án afskrifta og án uppgjors við lífeyrissjóðinn Brú voru 16,2 mkr og hækka um 0,7% frá 2016. Orkukaup lækka um 256 mkr vegna aukningar á eigin framleiðslu. Laun og launatengd gjöld hækka um 255 mkr og annar rekstrarkostnaður um 119 mkr vegna aukinna umsvifa. Á árinu fór fram uppgjör við lífeyrissjóðinn Brú vegna samræmingar lífeyrisréttinda sem byggir á samkomulagi ríkisins, sambands sveitarfélaga og stéttarfélaga opinberra starfsmanna og breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem hefur einnig áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Hlutur samstæðu OR í uppgjörinu nam 1,1 mkr og var gjaldfært að fullu í ársreikningi 2017.

Gjöld (í mkr)	Raun	Áætlun	Mism.	%	Raun 2016	Mism.	%
Orkukaup	5.948	6.026	-78	-1,3%	6.205	-257	-4,1%
Laun og launatengd gjöld	5.496	5.585	-89	-1,6%	5.241	255	4,9%
Annar rekstrarkostnaður	4.737	4.418	319	7,2%	4.617	120	2,6%
	16.181	16.029	152	0,9%	16.062	119	0,7%
Uppgjör við Brú lífeyrissjóð	1.104	0	1.104		0	0	
Rekstrarkostnaður samtals	17.285	16.029	1.256	7,8%	16.062	1.223	7,6%



Efnahagur

Efnahagur (mkr)	2017	2016	Breyting	%
Fastafjármunir	287.155	277.843	9.311	3,4%
Veltufjármunir án handb.fjár	11.724	6.118	5.606	91,6%
Handbært fé, bundin innlán og markaðsverðbr.	12.380	16.489	-4.109	-24,9%
Eignir samtals	311.258	300.450	10.808	3,6%
Eigið fé	143.871	121.476	22.396	18,4%
Langtímaskuldir	142.237	149.881	-7.644	-5,1%
Næsta árs afborganir langt. skulda	14.667	18.322	-3.655	-20,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	10.483	10.771	-289	-2,7%
Skuldir samtals	167.387	178.974	-11.588	-6,5%
Skuldir og eigið fé samtals	311.258	300.450	10.808	3,6%


Heildareignir félagsins hækka um 10,8 mkr milli ára. Á árinu 2017 var fjárfest fyrir 18,7 mkr í rekstrarfjármunum. Í lok árs var framkvæmt **endurmat** á veitukerfum hitaveitu, vatnsveitu og rafmagnsdreifingar auk framleiðslueigna í hitaveita. Endurmatið nam samtals 11,6 mkr. Afskrift rekstrarfjármuna nam 9,1 mkr.

Meðal veltufjármuna á árinu 2017 er eign OR í skuldabréfi Magma sem **kom til greiðslu** 6. febrúar 2018 að fjárhæð USD 38,7 milljónir eða að fjárhæð 3,9 mkr.

Gangvirði **innbyggðar afleiðu** hækkar á milli ára og fer úr því að vera 10,3 mkr skuld 2016 í 2,2 mkr eign 2017. Gangvirðisbreyting ársins nam því 12,5 mkr og er færð til tekna í rekstrarreikningi. Hækkun á gangvirði má rekja til hækkunar álverðs á framvirkum markaði en álverð hækkaði um 40% á milli ársloka.

Sjóðstreymi Sjóðstreymisýfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Lengst til vinstri á myndinni hér fyrir neðan, má sjá handbært fé í upphafi árs 2017 og lengst til hægri í árslok 2017.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf í árslok 2017 voru 6,1 mkr.



Eignabreytingar 2017

Fjárfesting **Veitna** nam 6,3 mkr á árinu. Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar endurnýjun hluta aðveituæðar frá Deildartungu til Akraness og Borgarness og vatnsleit í Rangársveitum. Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar virkjun borhola í Vatnsendakrika og endurnýjun stofnlagnar við Kringlumýrarbraut. Hjá fráveitunni var áframhald uppbyggingar hreinsistöðvar á Akranesi, Kjalarnesi og Borgarnesi og færsla fráveitulagna við Árskóga vegna nýs skipulags. Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar í stækkun aðveituspenna í Aðveitustöð 1 (við Sundhöll Reykjavíkur) og endurnýjun 12 kV háspennustrengja meðfram Miklubraut, frá Háaleitisbraut að Reykjanesbraut.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 2,6 mkr og voru borun vinnsluhola, tenging niðurrennslisveitu og lofthreinsun á Sleggju stærstu verkefni við Hellisheiðarvirkjun. Á Nesjavöllum var stækkun niðurrennslisveitna og viðhald hringrásar kælivatns. Fjárfestingar í Hlöðum, sem styður við orkuskipti í samgöngum, voru 122 mkr.

Önnur fjárfesting nam 9,8 mkr. Fjárfesting í ljósleiðarauppbyggingu nam 3,2 mkr. Á árinu voru á höfuðstöðvar OR að Bæjarhálsi 1 keyptar fyrir 5,5 mkr.

Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá þremur matsfyrirtækjum, erlendu matsfyrirtækjunum Moody's og Fitch Ratings og íslenska matsfyrirtækinu Reitun. Á árinu voru jákvæðar breytingar hjá öllum matsfyrirtækjunum.

- Á árinu 2017 var lánshæfiseinkunn OR hjá Moody's óbreytt í Ba2 en í mars 2018 hækkaði hún úr Ba2 í Ba1 og er OR nú **einu þrepi** frá fjárfestingarflokki hjá Moody's.
- Matsfyrirtækið Fitch Ratings hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr BB- í BB í febrúar 2017 og í mars 2018 varð aftur hækkun á lánshæfismati úr BB í BB+ og stöðugar horfur. OR er nú **einu þrepi** frá fjárfestingaflokki hjá Fitch.
- Reitun breytti lánshæfiseinkun OR á árinu 2017 úr stöðugum horfum í **jákvæðar**.

Stjórnendur OR hafa sett sér það markmið að komast í fjárfestingaflokk hjá báðum erlendu matsfyrirtækjunum á næstu árum. Fyrirtæki í fjárfestingaflokki hafa sögulega verið mun líklegri til að efna skuldbindingar sínar og því hafa þau meira aðgengi að fjármagni og áhættuvörnum og á betri kjörum.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR fyrir árin 2013-2017:

Orkuveita Reykjavíkur	2013	2014	2015	2016	2017	Markmið
Eiginfjárhlutfall	28,6%	33,2%	36,9%	40,4%	46,2%	35,0%
Arðsemi eigin fjár	4,8%	10,3%	4,0%	12,0%	13,2%	-
Arðsemi fjármagns (ROCE)	6,2%	5,4%	4,8%	5,2%	5,9%	8,0%
Veltufjárhlutfall	0,59	0,68	0,79	0,78	0,96	1,00
FFO vaxtaþekja	4,2x	5,8x	5,8x	5,1x	5,0	3,5x
FFO/nettó skuldir*	11,2%	13,5%	14,5%	16,7%	16,0%	13%
RCF/nettó skuldir	11,2%	13,5%	14,5%	16,7%	15,4%	11%
Vaxtaberandi skuldir/eigð fé	217%	165%	128%	106%	90%	-
Nettó skuldir / Handbært fé frá rekstri	8,8	7,4	6,9	6,0	6,2	-
Uppgreiðslutími lána (Skuldir/Veltufé frá rekstri)	10,3	10,6	8,7	8,8	7,8	-
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	50,2%	49,0%	55,9%	48,9%	49,0%	-
EBITDA framlegð	66,5%	64,5%	62,4%	61,2%	60,7%	-

*Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum


Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til umtalsvert betri stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.

Mikilvægt var að bæta lausafjástöðu fyrirtækisins og hóf Orkuveitan útgáfu skuldabréfa á árinu 2016. Gefin var út útgáfurammi fyrir skuldabréf og víxla til að fjármagna fyrirtækið næstu árin. Á árinu 2016 voru gefin út skuldabréf í þremur flokkum, verðtryggðum skuldabréfum til 2046, verðtryggðum skuldabréfum til 2024 og óverðtryggðum skuldabréfum til ársins 2022. Útgáfa skuldabréfa hélt áfram á árinu 2017 og var útgáfa skuldabréfa í heild 10,3 mkr. Innifalið í þeirri upphæð er útgáfa vegna fjármögnunar á kaupum höfuðstöðva að Bæjarhálsi 1, 4,2 mkr.

Í febrúar 2018 náðst samkomulag um uppgreiðslu Magma skuldabréfs að fjárhæð 3,9 mkr, tveimur mánuðum fyrir lokagjalddaga skuldabréfsins.


Nettó skuldir hafa farið lækkandi um 93 mkr frá árinu 2011 eins og meðfylgjandi mynd sýnir, bæði vegna afborgana og gengisstyrkingar.

Nettó skuldir




Á árinu 2017 hækkaði álverð sem nemur 40%. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, mat á virði skuldabréfaeignar, uppgjör og virðismat áhættuvarnarsamninga. Virði Innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga hækkaði sem nemur 12,5 mkr sem einkum má rekja til hækkunar á framvirkum álverðum. Gangvirði fjáreigna í gegnum rekstur hækkaði sem nemur 27,5 mkr. Uppgjör og gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga námu alls -1,3 mkr en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga er gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Vaxtaáhætta




Hækkun vaxta felur í sér áhættu í rekstri og efnahag OR. Á undanförunum árum hefur OR náð að festa vextir með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Neðangreind mynd sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem bera fasta vexti.

Álverðisáhætta



Gerðir eru áhættuvarnar-samningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá hversu hátt hlutfall tekna hafa verið varðar. Stjórn OR ákvarðar efri og neðri mörk varnarhlutfalla.

Áætlað gjaldeyrisflæði



Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá Orku náttúrunnar, en raforkusala er í bandaríkjadöllum. Framvirkir samningar eru gerðir til að draga úr áhættu af óhagstæðri gengis- þróun, með því eru mörk sett á hugsanlegt misvægi í rekstri og efnahagi. Myndirnar sýnir áætlað gjaldeyristreymi.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Í samræmi við lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 m.s.br. fór fram endurmat á lífeyrisskuldbindingum A-deildar Brúar lífeyrissjóðs m.v. 31.05.2017. Voru bæði metnar áfallnar skuldbindingar og framtíðarskuldbindingar (vegna lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs) sem námu alls 1,1 mkr.
- Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 4,1 mkr árið 2017 en voru jákvæðir um 3,1 mkr árið 2016. Vaxtagjöld eru svipuð á milli ára en ábyrgðargjald til eigenda lækkaði á milli ára úr 1,0 mkr í 0,8 mkr. Áhrif annarra fjármagnsliða voru jákvæð um 8,6 mkr árið 2017 en voru jákvæð 3,1 mkr árið 2016. Töluverðar sveiflur eru til staðar innbyrðis á milli liða s.s. vegna gangvirðisbreytinga, uppgjörs áhættuvarnarsamninga og gengismunar. Þannig var gengismunur neikvæður á árinu 2017 um 2,6 mkr en var jákvæður árið 2016 um 8,5 mkr. Þá var gangvirði innbyggða afleiða jákvætt um 12,5 mkr árið 2017 en jákvæður um 2,9 mkr árið 2016.
- Eignir fyrirtækisins jukust um 3,6% þrátt fyrir að gengisstyrking krónu gagnvart dollar á árinu hafði neikvæð áhrif á verðmæti eigna ON. Vaxtaberandi skuldir OR halda áfram að lækka úr 147,6 mkr í 144,5 mkr eða um 3,1 mkr (þar af 0,8 mkr vegna gengisáhrifa). Eiginfjárhlutfall hækkaði frá áramótum úr 40,4% í 46,2% og er yfir 35% markmiði sem sett hefur verið í arðgreiðsluskilyrðum fyrir árin 2016-2018.
- Í lok 3.ársfjórðungs 2017 átti OR alls 12,4 mkr í formi handbærs fjár, innistæða sem bundnar eru til skemur en eins árs og markaðsverðbréfa. Að viðbættu aðgengi að lánalínum sem nam 18,8 mkr hafði OR þannig 31,3 mkr í tryggt lausafé í lok árs 2017. Veltufjárhlutfall hefur hækkað úr 0,78 í 0,96. Helmingur af skuldabréfi í eigu Magma Energy var greiddur í lok árs 2016 en hinn helmingurinn var greiddur í febrúar 2018. Krafa OR á Magma Energy var færð í veltufjármuni á árinu 2017.
- Undir lok árs 2017 tók lánasamningur OR hjá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB) að fjárhæð 70 milljónir evra gildi eftir að fyrir lá samningur um ábyrgð eigenda. OR getur dregið á lánið bæði í evrum og dollurum á þeim vaxtakjörum sem gilda þegar dregið er á lánið. Búist er við að dregið verði á lánið á árunum 2018-2020. Lánið er með 100% ábyrgð eigenda.
- Á árinu 2017 var ákveðið að ganga frá kaupum á FOSS fasteignafélagi slhf. sem er eigandi fasteigna að Bæjarhálsi 1 sem hýsir höfuðstöðvar OR og var kaupverðið 5,5 mkr. Hluti fasteignana er ekki í nothæfu ástandi og eru ýmsir kostir til skoðunar vegna endurbóta á húsinu. Áætlaður kostnaður vegna endurbóta er á bilinu 1,5 – 2,4 mkr en engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um hvaða leið verður farin.
- Eigendafundur OR hefur samþykkt tillögu stjórnar OR um arðgreiðslur til eigenda að fjárhæð 750 mkr vegna ársins 2016 sem kom til útgreiðslu í lok árs.


Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur fyrirtækisins styrktist á árinu en hlutfallslega hækkuðu rekstrarútgjöld án afskrifta og án uppgjörsins við Brú um 0,7% á meðan tekjur jukust um 6,2%. Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) án uppgjörsins við Brú er 63,2% en var 61,2% í fyrra. OR glímur enn við afborgunarpunga af langtímalánum og áhættu vegna gengis, vaxta og álverðs og því mikilvægt að tryggja að ekki dragi um of úr framlegð rekstrarins.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 97,5 mkr en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 91 mkr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Erlendar skuldir OR nema 81,0 mkr og lækkuðu um 14,2% á árinu 2017 bæði vegna gengisbreytinga og afborgana. Þar af lækkuðu skuldir í dollurum (USD) um 22,4%, skuldir í evrum (EUR) um 7,3% og skuldir í svissneskum frönskum (CHF) um 16,1%. Skuldir í öðrum erlendum gjaldmiðlum lækkuðu um 16% og nema um 10,4 mkr.
- Ljóst er að OR stendur frammi fyrir miklu útfærðum erlends gjaldeyris á næstu árum vegna hraðrar niðurgreiðslu skulda sem er mun meira en þær tekjur sem OR kemur til með að afla í erlendum gjaldmiðlum. Frá árinu 2018 til 2022 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt og nemur uppsafnað nettó útfærðum erlends gjaldeyris yfir það tímabil rúmum 8,2 mkr.
- Fjármálaskrifstofa telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðslufærðum í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag, og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljóta.
- Fjárhagslegir mælikvarðar OR eru yfir mörkum arðgreiðsluskilyrða. Fjármálaskrifstofa tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn rýnihóps eigenda að beitt verði varfærni við greiðslu arðs og að lögð verði áhersla á hækkan lánshæfiseinkunnar fyrirtækisins. Til þess þarf OR m.a. að sýna fram á getu til að ná áfram markmiðum sínum á næstu árum ásamt því að draga úr áhættu í rekstri.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Breyting	%	Raun 2016	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.789	2.761	27	1,0%	2.536	253	10,0%
Rekstrargjöld	-2.730	-2.727	-3	0,1%	-2.450	-280	11,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	14	-13	26	-208,8%	5	9	
Óreglulegir liðir, tekjur	263	263			0	263	
Tekjuskattur	0	0			-41	41	
Rekstrarniðurstaða	335	285	51	17,7%	50	286	575,3%


Rekstrarniðurstaða: Helsta ástæða betri rekstrarniðurstöðu ársins 2017 en 2016 eru **óreglulegar tekjur** vegna dóms sem féll í apríl í Hæstarétti þar sem Íslandsbanki var dæmdur til að greiða Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) rúmar 263 mkr með dráttarvöxtum vegna ólögmættra gengislána.



Rekstrartekjur:

Tekjur (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Breyting	%	Raun 2016	Mism.	%
Framlag eigenda til rekstrar	1.417	1.417	0	0,0%	1.337	80	6,0%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	103	103	0	0,0%	52	51	98,8%
Tekjur vegna sjúkraflutninga	1.084	1.078	6	0,6%	986	98	10,0%
Húsaleigutekjur SHS fasteigna	109	110	-1	-1,2%	88	21	24,1%
Aðrar sértekjur	68	45	22	49,7%	67	1	1,6%
Framlag eigenda til Almannavarna	8	8	0	0,0%	7	1	10,0%
	2.789	2.761	27	1,0%	2.536	253	10,0%


Árið 2014 var **framlag eigenda** til rekstrar SHS 58,2% af heildartekjum en hefur síðan lækkað í 50,8% árið 2017. Á sama tíma hafa tekjur vegna **sjúkraflutninga** aukist úr 30,9% í 38,9%. Þessa breytingu má rekja til nýs samnings um sjúkraflutninga á starfssvæði SHS sem tók gildi árið 2015, en tekjur SHS af sjúkraflutningum eru nú bæði háðar fjölda flutninga, sem hefur aukist, sem og íbúafjölda á svæðinu. Að auki eru tekjur af sjúkraflutningum bundnar að mestu við launavísitölu (86%) sem hefur hækkað mikið seinustu árin. Í framhaldi af rekstrarúttekt á SHS ákvað stjórn SHS að fjölga starfsmönnum til þess að mæta fjölgun sjúkraflutninga sem um leið hefur hækkað launakostnað.



Rekstrargjöld:

Gjöld (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Mism.	%	Raun 2016	Mism.	%
Launakostnaður	2.206	2.191	15	0,7%	1.978	228	11,5%
Námskeið og verkefni	85	92	-6	-6,8%	71	14	20,4%
Viðhald og rekstur tækja	71	69	2	3,0%	68	4	5,5%
Húsnæðiskostnaður	136	137	-2	-1,3%	119	16	13,6%
Annar rekstrarkostnaður	152	148	4	2,8%	131	21	15,7%
Afskriftir	80	90	-10	-11,3%	83	-3	-3,5%
	2.730	2.727	3	0,1%	2.450	280	11,4%


Launakostnaður er um það bil 81% af rekstrarkostnaði SHS. Nokkur hækkun var milli ára sem skýrist af launahækkunum og fjölgun starfsmanna. Einnig voru tæpar 63 mkr gjaldfærðar vegna uppgjors við **lífeyrissjóðinn Brú** í framhaldi af breytingum á lögum nr. 127/2016 um skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Allt í allt þarf SHS að greiða um 232 mkr til Brúar vegna uppgjorsins. Um 60 mkr framlag í jafnvægisjóð er gjaldfært að fullu á árinu 2017 en greiðslur upp á rúmar 172 mkr í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð gjaldfærast á 20 til 30 árum. Stjórn SHS ákvað að nota tekjur vegna dómsmálsins við Íslandsbanka til að greiða skuldina upp en um leið færast um 170 mkr sem fyrirframgreiðsla meðal langtímaeigna í efnahagsreikningi.




Efnahagur:

Efnahagur (mkr)	2017	2016	Breyting	%
Fastafjármunir	1.922	1.969	-46	-2,4%
Veltufjármunir án handb.fjár	308	128	180	140,2%
Handbært fé	495	365	130	35,5%
Eignir samtals	2.725	2.462	263	10,7%
Eigið fé	2.027	1.692	335	19,8%
Langtímaskuldir	221	227	-7	-3,0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	11	10	1	5,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	467	533	-66	-12,3%
Skuldir samtals	698	770	-72	-9,4%
Skuldir og eigið fé samtals	2.725	2.462	263	10,7%

Staða SHS er traust og **eiginfjárlutfall** hátt. Eina **langtímaskuld** samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut. Stjórn SHS hefur samþykkt að slökkvistöðin við Tunguháls verði seld og fundin hentugri staðsetning fyrir nýja slökkvistöð. Líklegt er því að farið verði í byggingarframkvæmdir á næstu árum. Ekki er búið að ákveða hvort þær framkvæmdir verði fjármagnaðar með lántökum eða framlagi frá eigendum, þ.e. aðildarsveitarfélögum SHS.




Sjóðstreymi:




Fjárfestingar á árinu voru um 34 mkr miðað við 55 mkr á árinu 2016. Dregið hefur verið úr fjárfestingum seinustu tvö árin og fjárfestingarframlag lagt fyrir til að geta fjármagnað kaup á fjórum nýjum slökkvibifreiðum. Í febrúar á þessu ári (2018) voru opnuð tilboð í fjórar nýjar slökkvibifreiðar. Tekið var tilboði upp á um 309 mkr án vsk. en SHS fær vsk. endurgreiddan vegna nýkaupa á slökkvibúnaði. Auk þess þarf að kaupa búnað í bifreiðarnar og er áætlað að heildarfjárfestingin verði um 400 mkr. Gert er ráð fyrir að slökkvibifreiðarnar verði afhentar um mitt næsta ár.

Fjöldi útkalla:



Fjöldi útkalla vegna **sjúkraflutninga** hefur verið að aukast jafnt og þétt á hverju ári en í fyrsta sinn á árinu 2017 var aukningin óveruleg milli ára. Fyrstu tölur fyrir árið 2018 benda til þess að fjöldi sjúkraflutninga sé að aukast aftur. SHS telur líklegt að flutningum muni fjölga næstu árin þar sem þættir eins og íbúafjölgun, aldur landsmanna og fjöldi ferðamanna styðja þá tilgátu. Fjöldi útkalla hjá **slökkviliðinu** hefur verið nokkuð stöðugur seinustu árin en á árinu 2017 var nokkur aukning milli ára. Almennt eru meiri sveiflur milli ára hjá slökkviliðinu og felast ástæður þess m.a. í mismörgum sinueldum milli ára og einnig fjölgar útköllum ef veðrið er slæmt.




Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir árin 2013-2017:

SHS - samstæða	2013	2014	2015	2016	2017
Eiginfjárlutfall	45,9%	54,4%	64,0%	68,7%	74,4%
Arðsemi eigin fjár	-1,2%	0,3%	26,1%	3,0%	19,8%
Veltufjárlutfall	1,02	0,52	0,76	0,91	1,33
Langtímaskuldir/eigið fé	64,4%	31,8%	14,2%	13,4%	10,9%
Uppgreiðslutími	9	4	1	1	1
Heildarskuldir/rekstrartekjum	61%	51%	38%	30%	25%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	4%	5%	18%	7%	15%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	5%	10%	8%	7%	5%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Í samræmi við lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 m.s.br. fór fram endurmat á lífeyrisskuldbindingum A-deildar Brúar lífeyrissjóðs m.v. 31.05.2017. Voru bæði metnar áfallnar skuldbindingar og framtíðarskuldbindingar (vegna lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs) sem námu um 232 mkr.
- SHS vann dómsmál um ólögmati gengislána gegn Íslandsbanka í apríl og var bankinn dæmdur til að greiða SHS rúmar 263 mkr.
- Lokið er rekstrarúttekt SHS sem hófst 2014. Í kjölfar hennar var ákveðin styrking á aðgerðarsviði SHS og í fjárhagsáætlun 2018 eru gerðar kröfur um hagræðingu í stjórnýslu félagsins.
- Skuldahlutföll eru mjög viðunandi. Eiginfjárlutfall hefur hækkað verulega undanfarin ár og er orðið mjög ásættanlegt.
- Í töflunni hér að ofan um kennitölur SHS ber að skoða kennitölum um arðsemi eignfjár uppgreiðslutíma, veltufé frá rekstri og framlegð í hlutfalli af rekstrartekjum með það í huga að á þessu ári voru óreglulegar tekjur félagsins (einskiptis tekjur) 263 mkr.

SORPA bs. (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Breyting	%	Raun 2016	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.740	3.326	414	12,5%	3.326	414	12,5%
Rekstrargjöld	-3.332	-3.004	-327	10,9%	-2.924	-407	13,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	19	3	16	538,5%	17	2	
Rekstrarniðurstaða	428	324	103	31,8%	419	9	2,2%



Rekstrarniðurstaða Rekstrarniðurstaða samlagsins fyrir árið 2017 er ásættanleg. Magn úrgangs hefur aukist verulega á síðustu árum sem hefur þýtt verulega auknar tekjur samlagsins, en þýðir um leið aukningu á gjöldum. Reksturinn á árinu gekk vel, engin veruleg áföll komu upp í rekstrinum. Vegna magnaukningar er hins vegar orðin veruleg þörf á stækkun móttökustöðvarinnar í Gufunesi. Magnið hefur ekki einungis aukist heldur hefur úrgangsflokkum fjölgað í takt við auknar kröfur um aukna flokkun og endurvinnslu. Hver nýr flokkur krefst umfangs, meðhöndlunar og umsýslu starfsfólks.

